



FMS 2021-32

ISBN 978-9935-522-15-3

OKTÓBER 2021

Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 - Ísafjörður

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

© Ferðamálastofa 2021

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Ísafjörður
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Númer: FMS 2021-32
ISBN: 978-9935-522-15-3

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir og framkvæmd rannsóknar.....	3
Frá sjónarhóli íbúa: Staða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19-faraldurinn	6
Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri	13
Framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar	21
Samantekt	32
Umræður og lokaorð – Allir staðir	34
Heimildaskrá	36
Viðauki 1 Spurningalisti fyrir símakönnun.....	38
Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining	42

Myndaskrá

Mynd 1 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðaþjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar	9
Mynd 2 Mat íbúa á ánægju með ferðaþjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið	10
Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá Ísafirði	14
Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir	14
Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir	15
Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir	16
Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir	18
Mynd 8 Engin skip á Pollinum – svör Ísfirðinga	19
Mynd 9 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir	20
Mynd 11 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðaþjónustu - allir staðir	21
Mynd 10 Mat íbúa á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðaþjónusta nái fyrri styrk	21
Mynd 12 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir	22
Mynd 13 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðaþjónustunnar - allir staðir	23
Mynd 14 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir	24
Mynd 15 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir	27
Mynd 16 Afstaða Ísfirðinga til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri	28
Mynd 17 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land	29

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur á Ísafirði	4
Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar á Ísafirði	5
Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar	17
Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur	30
Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna	31
Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina	31
Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðaþjónustunnar á Ísafirði	31

INNGANGUR

Framtíðarsýn Íslenskra stjórnvalda til 2030 er að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Verkefni nr. 3 í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-2022, sem snýr að mati á viðhorfi Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir landshlutum, er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og tekur mið af þessari framtíðarsýn (Ferðamálastofa, 2020). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið könnuð á hverju ári frá 2014 og verið hluti af reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli sem tilviksrannsóknir (e. case studies) í einstökum samfélögum, þrjár til fjórar á ári. Kveikjan að þessum rannsóknum var hin hraða fjölgun í komum erlendra ferðamanna til landsins sem hófst 2011 og náði til ársins 2018 nýjum hæðum á hverju ári. Í rannsóknunum er fylgst með breytingum í viðhorfum og hvort vísbendingar komi fram um álag á heimamenn/samfélag vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Öflun og greining gagna viðheldur samfelldri tímalínu um viðhorf heimamanna á Íslandi. Landskannanirnar styðja við álagsmat á Jafnvægisási ferðamála og lykilmælikvarða stjórnvalda til að meta árangur og ávinning ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í huga heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur er hún einnig félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Að mati Íslendinga snúa jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu íbúa um ánægju og bjartsýni. Haustið 2019 sögðu 92% Íslendinga að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Þessi sviðsmynd um brotthvarf ferðamanna úr íslenskri ferðaþjónustu var óhugsandi þegar henni var varpað fram.

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag heimamanna þegar staður umbreytist í áfangastað en lítið er vitað hvaða áhrif það hefur á heimamenn ef ferðamennirnir hætta skyndilega að koma. Því er brýnt að rannsaka hvernig COVID-19-faraldurinn mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í

hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast (Zencker og Kock, 2020; Ivanova, Ivanov og Ivanov, 2020). Á sama hátt gæti faraldurinn haft áhrif á viðhorf heimamanna.

Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna í byggðum landsins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif breytts landslags í ferðamáli hér á landi, sem rakið er til COVID-19-faraldursins, á viðhorf heimamanna, hvernig heimamenn upplifi breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir. Rannsóknin var gerð á fjórum stöðum: Ísafirði, Höfn í Hornafirði, í Skútustaðahreppi (Mývatnssveit) og 101 Reykjavík. Á þessum stöðum voru gerðar greiningar á viðhorfum heimamanna á árunum 2015 og 2016 sem drógu fram þemu og álitamál tengd ferðamennsku á hverjum stað. Auk þess veita landshlutagögn úr könnun meðal Íslendinga 2019 innsýn í viðhorf heimamanna á Íslandi áður en COVID-19-faraldurinn skall á. Því voru tækifæri fyrir hendi til að draga fram hið breytta ástand í einstökum samfélögum þegar ferðamennirnir komu ekki og ferðaþjónustan stöðvaðist nær alveg. Rannsóknin fór fram veturinn 2020-2021. Tekin voru einstaklingsviðtöl við íbúa á stöðunum fjórum og þeim fylgt eftir með spurningakönnun sem lögð var fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í fjórum samantektarskýrslum fyrir hvern og einn stað.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á Ísafirði. Ísafjörður er stærsti byggðakjarni Ísafjarðarbæjar en í sveitarfélaginu búa 3794 manns (Hagstofa Íslands, 2021a), þar af búa 2672 á Ísafirði (Hagstofa Íslands 2021b). Helstu atvinnuvegir eru sjávarútvegur, ferðaþjónusta og önnur þjónusta (Ísafjarðarbær, e.d.a). Ísafjörður er auk þess einn helsti viðkomustaður skemmtiferðaskipa á landinu og hefur skipakomum fjölgað hratt síðustu ár. Þangað komu um 54 skemmtiferðaskip með um 34.000 farþega árið 2015 en árið 2019 voru skipin 126 og með um 98 þúsund farþega (Mælaborð ferðaþjónustunnar, 2019, 1. september). Tekjur Ísafjarðarhafnar vegna skemmtiferðaskipa hafa numið um 45% af tekjum ísfirsku hafnanna (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2020). Árið 2020 áttu um 120 skemmtiferðaskip að koma til Ísafjarðar en vegna heimsfaraldurs

COVID-19 féllu þær niður (Guðmundur Magnús Kristjánsson, persónuleg heimild). Var höfnin það árið rekin með tapi (Ísafjarðarbær, e.d.b).

Rannsókn á viðhorfum íbúa á Ísafirði til ferðamanna og ferðaþjónustu fór fram árið 2015 (Helgadóttir o.fl., 2019; Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016). Í rannsókninni, sem byggði á viðtölum við íbúa og vettvangsrannsókn, kom fram að ferðamenn lífgi upp á bæinn og að íbúum þætti gaman þegar bærinn var fullur af fólki. Íbúar tóku vel eftir farþegum af skemmtiferðaskipum í bænum umræðan um þá var að mestu leyti jákvæð. Í könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019 komu fram vísbendingar um að Vestfirðingar fyndu fyrir álagi og hafði óvissa aukist meðal íbúa um það hvort hægt væri að taka á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Þessar áhyggjur komu einnig fram með vísan til skemmtiferðaskipa og fjölda ferðamanna.

Skýrslan er í sjö köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir framkvæmd og aðferðum rannsóknarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í þremur hlutum þar sem niðurstöður viðtala og spurningakönnunarinnar fléttast saman. Í þeim fyrsta er sjónum beint að stöðu ferðaþjónustunnar á Ísafirði fyrir kórónuveirufaraldurinn út frá sjónarhóli íbúa. Annar hluti fjallar um upplifun Ísfirðinga af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og í þriðja hluta er gerð grein fyrir hugmyndum íbúa um framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar í heimabyggð að heimsfaraldri loknum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru eftir atvikum bornar saman við fyrri rannsókn á viðhorfum íbúa á Ísafirði frá 2015 (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016) og við könnun á viðhorfum Vestfirðinga til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Undir lok skýrslunnar eru teknar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar á Ísafirði og í lokaorðum er fjallað um helstu niðurstöður frá öllum rannsóknarstöðunum með tilliti til þess hvað var sameiginlegt á stöðunum og hvað var ólíkt.

Verkefnastjórn, viðtöl, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd könnunar og úrvinnslu hrágagna símakönnunar hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Hrágögnum úr símakönnun var skilað til Ferðamálastofu. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni á Ísafirði. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli rannsóknarstaðanna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkir fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fá íbúar á Ísafirði fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn á fjórum stöðum þ.e. í miðborg Reykjavíkur (pnr. 101), á Ísafirði (pnr. 400), í Skútustaðahreppi (pnr. 660) og á Höfn í Hornafirði (pnr. 780). Notast var við blandað rannsóknarsnið þar sem bæði eigindlegum og megindegum aðferðum var beitt. Eigindlegar aðferðir eru til þess fallnar að dýpka skilning á viðhorfum heimamanna en megindeglegar aðferðir gefa yfirlit yfir viðhorf heimamanna og gera rannsakendum kleift að draga ályktanir um þýðið, að uppfylltum tölfræðilegum forsendum (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2016). Sömu aðferðum var beitt á öllum stöðunum fjórum. Gagna var aflað með viðtölum við íbúa og með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma.

Viðtöl

Á öllum rannsóknarstöðunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa þar sem umræðuefnið var fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki einstaklinga sem búa á rannsóknasvæðunum. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa fasta búsetu á viðkomandi svæði og hafa ekki ferðaþjónustu að aðalstarfi. Það skal þó tekið fram að í einstaka tilvikum komu í ljós tengsl viðmælenda við ferðaþjónustu sem ekki var vitað um en viðkomandi var áfram þátttakandi í rannsókninni.

Í viðtölunum var leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa á ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð í breyttum aðstæðum vegna COVID-19-faraldursins en hægt er að ná fram með megindegri spurningakönnun. Viðtökur þátttakenda fóru langt fram úr væntingum og í mörgum viðtölum tjáðu viðmælendur ánægju sína um að fá að ræða við hlutlaus aðila um upplifun þeirra af áhrifum og stöðu ferðaþjónustunnar á daglegt líf í þeirra heimabyggð í miðjum heimsfaraldri. Þegar gagnaöflun lauk var heildarfjöldi viðtala 44 og var rætt við 20 karla og 24 konur og var meðallengd viðtala 59 mínútur.

Með viðtölunum er skrásett hvernig einstaklingar færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku í breyttum veruleika í miðjum heimsfaraldri og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram. Viðtölin varpa ljósi á það hvers vegna tilteknir áhrifaþættir eru mikilvægir í augum íbúa og hvernig íbúar bregðast við þeim. Viðtölin hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir; Veal, 2006).

Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt uppröðun töflureiknisins, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma. Viðmælendur voru beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Hvorki var farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Viðtölin fóru fram á tímabilinu 2. desember 2020 – 24. febrúar 2021, ýmist í síma eða gegnum fjarbúnað til að tryggja örugga samskiptafjarlægð og minnka útbreiðslu á COVID-19. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Afrituð gögn voru kóðuð og greind með forritinu QDA Miner. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt kröfum um trúnað og nafnleynd. Til aðgreiningar var viðmælendum gefinn bókstafur, sem vísar til fyrsta stafs hvers staðar (t.d. einstaklingur á Ísafirði var aðgreindur með bókstafnum Í, einstaklingur á Höfn með H o.s.frv.) og númeri.

Á Ísafirði var rætt við 6 konur og 5 karla á aldrinum 19-73 ára. Aðeins einn viðmælandi hafði bein tengsl við ferðaþjónustu á svæðinu. Í töflu 1 má sjá númer viðtala (Í=Ísafjörður), kyn, uppruna viðmælenda og aldurshóp. Ekki er gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda í rannsókninni þar sem stór hluti þeirra býr í fámönnum samfélögum og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Í skýrslunni eru beinar tilvitnanir í orð viðmælenda skáletraðar og merktar númeri viðtals. Í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur á Ísafirði

Númer	Kyn	Aldurshópur	Uppruni
Í1	Kona	45-59	Fædd og uppalin á Ísafirði
Í2	Karl	60+	Fæddur og uppalinn á Ísafirði
Í3	Kona	45-59	Fædd og uppalin á Ísafirði
Í4	Kona	18-29	Fædd og uppalin á Ísafirði
Í5	Karl	18-29	Fæddur og uppalinn á Ísafirði
Í6	Karl	60+	Fæddur og uppalinn á Vestfjörðum
Í7	Kona	30-44	Aðflutt
Í8	Karl	45-59	Aðfluttur
Í9	Kona	45-59	Aðflutt
Í10	Kona	45-59	Fædd og uppalin á Ísafirði
Í11	Karl	30-44	Aðfluttur, með erlendan bakgrunn

Greining viðtalanna í þemu mótaðist af spurningarammanum en þau eru: 1) Staða ferðaþjónustunnar fyrir COVID-19 út frá sjónarhóli íbúa, 2) Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð, 3) Framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar að loknum heimsfaraldri. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Ísafjörð og má þar nefna mál tengd skemmtiferðaskipum, aukna áherslu á sjálfbærni og hugmyndir íbúa um stýringu og skipulag ferðaþjónustunnar í framtíðinni á Ísafirði.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa á rannsóknarsvæðunum fjórum um áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna, upplifun heimamanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og hugmyndir um endurreisn ferðaþjónustu að honum loknum. Í spurningalistanum voru um 20 spurningar sem flestar hafa fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til (sjá viðauka 1). Til viðbótar voru í listanum tvær opnar spurningar þar sem svarendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri, annars vegar um ferðaþjónustu í heimabyggðinni og hins vegar um áhrif COVID-19-faraldursins á samfélag svarenda. Í spurningalistanum voru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búsetulengd í pósthúsi, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðaþjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu. Spurningalistinn var þróaður í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu. Auk þess var við gerð spurningalistans óskað eftir efnislegum ábendingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar og kann skýrsluhöfundur þeim bestu þakkir fyrir.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 9. – 27. febrúar 2021. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað eða eins og hægt var að afla miðað við íbúafjölda. Tekið var úrtak úr þjóðskrá en í úrtakinu voru 2.337 einstaklingar og fengust alls 1.242 svör (svarhlutfall 53%). Á Ísafirði voru 769 manns í úrtakinu og var fjöldi svara 382 sem er 50% svarhlutfall. Sjá má úrtak og bakgrunn svarenda í töflu 2.

Við úrvinnslu gagna úr símakönnuninni var notast jafnt við gagnavinnsluforritið SPSS og Excel töflureikni. Gögnin voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Annars vegar var kannað hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum eftir búsetu (þ.e. milli rannsóknarsvæða) og hins vegar var kannað hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers rannsóknarsvæðis. Kannað var hvort munur væri á svörum eftir kyni, aldri, menntun lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði¹ og hvort svarandi starfi við ferðapjónustu. Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll svara þeirra hópa sem koma fram í töflu 2. Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að marktækur munur er til staðar miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að með 99,9% vissu er munurinn til staðar í þýðinu. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður ýmist settar fram á myndrænan hátt eða í töflum. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður rannsóknarstaðanna fjögurra bornar saman.

Til viðbótar við ofangreinda tölfræðiútreikninga var samband nokkurra breyta á viðhorfi íbúa kannað með fylgnistuðlum og línulegri aðhvarfsgreiningu. Meðal þess sem var kannað var hvort samband væri milli mats íbúa á mikilvægi ferðapjónustu og ánægju íbúa með hana og einnig voru skoðuð tengsl nokkurra þátta við mat á áhrifum COVID-19 á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Að lokum voru viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu í heimabyggðinni eftir COVID-19 könnuð nánar með þátta- og aðhvarfsgreiningu á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknarstöðunum fjórum.

Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar á Ísafirði

Ísafjörður		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	769	
	Fjöldi svara	382	50%
Kyn	Karlar	198	52%
	Konur	184	48%
Aldur	18-29	21	5%
	30-44	68	18%
	45-59	145	38%
	60+	148	39%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	66	17%
	Stúdentspróf eða iðnnám	131	34%
	Annað starfsnám	26	7%
	Háskólapróf	151	40%
Lengd búsetu á Ísafirði	5 ár eða skemur	33	9%
	6-10 ár	31	8%
	11-20 ár	56	15%
	21-30 ár	49	13%
	Lengur en 30 ár	210	55%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	236	62%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	50	13%
	Í námi	11	3%
	Á eftirlaunum	55	14%
	Annað	27	7%
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	51	13%
	Nei	327	86%

¹ Við greiningu á bakgrunnspættinum *Stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA: STAÐA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR FYRIR COVID-19-FARALDURINN

Farþegar af skemmtiferðaskipum mest áberandi

Í viðtölum sem tekin voru við Ísfirðinga árið 2015 kom fram að mikill munur væri á ferðamennsku í bænum eftir árstíðum. Á þeim tíma voru ferðamenn áberandi í bænum á sumrin, jafnvel of margir en talsvert minna bar á þeim á öðrum árstímum. Þessi skil endurspegluðust í landshlutakönnunum sem gerðar voru 2017 og 2019 og sýndu að um fjórðungi Vestfirðinga þótti fjöldi erlendra ferðamanna vera of mikill á sumrin sem var ívið hærra hlutfall en í öðrum landshlutum. Hlutfall íbúa sem þótti of fáir ferðamenn vera í heimabyggðinni á veturna hefur hvergi verið hærra en á Vestfjörðum. Þennan mun tengdu íbúar beint við umferð skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar sem þeir sögðu að með tímanum hafi orðið æ meira áberandi á sumrin.

Í viðtölunum í þessari rannsókn kom bersýnlega fram að fátt hefði breyst; munurinn milli árstíða hefði enn verið til staðar áður en faraldurinn hófst og andstæðurnar mögulega orðið ýktari með fleiri og stærri skemmtiferðaskipum.

Það sem er mest áberandi hér eru augljóslega skemmtiferðaskipin. (Í11)

Þetta byrjar á vorin. Þetta byrjar svona eftir páska alltaf eitthvað, svona apríl, byrjun maí þá byrja fyrstu skipin að koma hægt og rólega. En síðan í júní, júlí þá er mest af skipunum og þá eru yfirleitt að minnsta kosti kannski 10 skip á viku sem eru að koma, sem er alveg slatti. Þannig að já, maður tekur alveg mjög mikið eftir því þegar mannfjöldinn alveg margfaldast í bænum. (Í5)

Þetta byrjaði smátt. Ég er búin að búa hérna í 20 ár og maður man þegar kom kannski bara eitt skip. Eða ekkert. En svo bara er mjög ör vöxtur. (Í3)

Kannski sérstaklega á sumrin þá tvöfaldast fjöldinn í bænum út af skemmtiferðaskipunum. Á veturna tekur maður minna eftir þeim [ferðamönnum]. (Í4)

Skemmtiferðaskipin og farþegar af þeim voru áberandi þema í öllum viðtölunum en tekið var fram að munur væri á því hvort skipin væru lítil eða stór, fá eða mörg.

Maður verður eiginlega ekkert var við skip sem er með 3-400 farþega en þegar þeir eru alveg 5-6000 þá er það kannski svolítið meira. En það gætu kannski verið tvö skip hérna og annað með 1000 farþega og hitt með 400 og það er bara venjulegt. Maður tekur ekkert eftir því. Það er ekkert það mikið að maður taki eftir því sem slíku. En þegar það eru kannski 5-6000 þá er það orðið aðeins meira. (Í9)

Margir viðmælendur lýstu þessari ferðamennsku sem fjöldaferðamennsku þar sem (mjög) stórir hópar fólks komu á svæðið í stuttan tíma. Við það breyttist ásýnd bæjarins og lífið á götunum.

En maður verður svo mikið var við ferðamenn af skemmtiferðaskipunum. Þeir eru á ferðinni í bænum. Þetta er lítill bær að það eru ekkert það margir á ferðinni en svo fyllast allar götur kannski í einhverja klukkutíma þegar þau eru að koma á morgnana og fara svo seinnipartinn, þannig að þetta er svona yfir daginn sem maður verður mikið var við það. (Í10)

En þessi massatúrismi sem hafnirnar eru að koma með hingað í bæinn, hann veður svolítið yfir. Þeir [farþegar af skemmtiferðaskipum] koma hérna í land einn dag og fólkið kemur hérna, labbar um göturnar og allt það. Þeir virða ekki að það keyra bílar um göturnar hérna. Þeir labba oft á miðjum götum. (Í1)

Augljóst var að þessi þáttur ferðamenskunnar á Ísafirði skar sig úr og stangaðist á við upplifun íbúa af öðrum ferðamönnum á svæðinu.

Þú eiginlega sérð muninn á hvaða ferðamaður er að koma með skemmtiferðaskipunum og hverjir eru að koma utan frá. Kannski er það bara ég sem er svo vön því en maður spottar þá alveg út. Við verðum svo vör við það þegar það kemur skip, sérstaklega ef það er stórt þá veistu alveg af ferðamanninum. (Í7)

Minna virtist fara fyrir öðrum hópum fyrir faraldurinn en þeir virtust iðulega vekja ánægju hjá viðmælendum.

Svo á hinn bóginn eru þeir sem koma á Vestfirði eins konar hippar og flakkarar, þú veist, fólkið fer um á puttunum og tjaldar. Þú gætir séð þá í matvöruverslunum, eru raunverulega að nýta sér þjónustuna og þess háttar. (Í11)

Ég elska þegar tjaldstæðið okkar er stútfullt bæði af Íslendingum og erlendum ferðamönnum eða maður sér einhverja... ég tek stundum, ef ég er örugg, einhverja puttalinga sem eru að ferðast hérna. Það finnst mér góð þróun. (Í1)

Það er yfirleitt bara þægilegt að hafa þá. [...] Þeir sem eru að koma til Vestfjarða eru ferðamenn sem hafa komið áður til landsins og hafa ekki tekið Vestfirðina. Ég man ekki hvað prósentan er en þá eru þeir búnir að koma áður en vilja fara á svona remote meira, meira til að upplifa og vildu fá eitthvað annað. Þeir sem eru að koma í fyrsta skipti eru þeir sem vita af náttúrunni og eru búnir að lesa sig til. Það gerist ekki oft að ferðamenn eru bara óvart komnir hingað. Þeir eru komnir til að upplifa náttúruna og fjöllin og allt þetta og eru komnir í kajakferðir og eitthvað svona. (Í7)

Sumir viðmælendur höfðu orðið varir við að tímabilið, sem ferðamenn sáust í bænum, hafði lengst. Síðustu tvö árin fyrir faraldurinn var vetrarferðamennskan farin að eflast.

Þetta hefur lengst í báða enda. Þeir [ferðamenn] eru hérna lengur, jafnvel fram í nóvember að maður var að sjá bílaleigubíla og byrjar fyrr. Fyrir nokkrum árum þá sástu ekki ferðamenn hérna í október. Það var bara enginn. (Í3)

Gönguskíðafólkið var það sem tók við af skemmtiferðaskipunum yfir vetrarmánuðina. Þetta var samfella frá svona október, nóvember og fram í febrúar. Svo kom smá hlé og svo fóru skipin að koma aftur í kannski maí. Þetta var svona setup sem virkar alveg fyrir svæðið. Það var alltaf eitthvað um að vera. (Í6)

Síðasta vetur og veturinn þar á undan þá var þetta líka svolítið mikið innlend ferðamennska, helgarferðamennska í kringum sérstaklega skíðamál. (Í8)

Eigendur á Hótel Ísafirði hafa verið duglegir að vera með skíðagöngunámskeið fyrir hópa. Mjög vinsælt og var að aukast mjög mikið. (Í2)

Margir töluðu um að Skíðavikan og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hefðu verið orðnir fastir liðir og dregið til sín fjölda innlendra ferðamanna og brottfluttra Vestfirðinga. Þó svo að bærin hefði verið fullur af fólki var upplifunin ekki sambærileg því þegar skemmtiferðaskipin voru í höfn.

Svo hafa páskarnir verið mjög stórir alltaf og Aldrei fór ég suður. Það er mjög gaman. Mjög mikið af fólki en það er einmitt allt öðruvísi en á stórum skemmtiferðaskipsdegi þó það sé kannski svipað en samt öðruvísi samt af því að það er fólk sem maður þekkir og er kannski að hitta aftur og annað. (Í3)

Óþægindi við tiltekna aðstæður

Í viðtölum sem tekin voru við Ísfirðinga árið 2015 voru fáar vísbendingar um annað en að íbúar hefðu jákvæða reynslu af ferðamönnum í bænum og létu þá yfirleitt ekki trufla daglegar athafnir. Fjórum árum síðar, árið 2019 sögðust 12% Vestfirðinga verða fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna og var það hærra í samanburði við aðra landshluta þar sem hlutfall þeirra sem urðu fyrir ónæði var á bilinu 4-10%. Í sömu könnun kom fram að hlutfall íbúa sem taldi heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður var hæst á Vestfjörðum, 25% en var annars staðar á landinu í kringum 20%. Í könnun starfshóps um skemmtiferðaskip á Ísafirði árið 2017 kom í ljós að 30% íbúa töldu farþega af skemmtiferðaskipunum trufla sitt daglega líf (Ísafjarðarbær, 2019).

Viðmælendur þessarar rannsóknar sögðust flestir almennt vera jákvæðir gagnvart ferðamönnum í bænum og að ferðamenn væru upp til hópa gott fólk. Nokkrir viðmælendur sögðust ekki hafa undan neinu að kvarta og ekki lent í uppákomum sem þættu í frásögur færandi. Þegar spurt var um reynslu íbúa af óþægindum vegna ferðamanna í bænum sagðist um helmingur viðmælenda ekki láta ferðamenn angra sig. Einhverjir sögðust hafa fundið pirring en sumir drógu úr óánægjunni og vísuðu frekar til óánægju annarra bæjarbúa gagnvart aðstæðum sem skapast í bænum á stórum skipadögum.

Ég hef ekki verið að láta neitt af þessu fara í pirrnar á mér. (Í2)

Það er alveg fólk hérna í bænum sem hatar þetta sko. (Í8)

Þetta er allt bara voða fint fólk. En kannski þegar stærstu dagarnir eru og þegar eru kannski þrír í röð þá verður maður kannski þínu pirraður hvað þetta eru margir. (Í9)

Sumum finnst þetta ánægjulegt en sumum ekki, ég held að það sé alveg blandað. Eini pirringurinn sem ég hef orðið fyrir er bara fyrir bæinn og það eru ógeðslega margir og þeir eru kannski úti á götu og svona. En ég meina, það er ekki mikill pirringur, það er bara svona þínu. (Í10)

Ætli það tengist ekki aðallega börnunum mínum. Það vildu allir taka mynd af sér með dóttur minni eða af henni. Það hefur aðeins dregið úr þessu þar sem hún er orðin eldri en þegar hún var yngri þá var þetta algjör klikkun. (Í11)

Allir höfðu heyrt um Ísfirðinga sem hefðu verið orðnir þreyttir á farþegum af skemmtiferðaskipum sem gengju á götunni og íbúar hefðu stundum átt erfitt með að komast leiðar sinnar. Slíkir árekstrar höfðu einkum orðið á Eyrinni en dæmi voru um að viðmælendur með búsetu í öðrum hverfum hefðu fengið farþega af skipum inn á einkalóðir. Allir þekktu fólk eða sögur af fólki sem bjó í gömlum húsum á Eyrinni og hefði lent því að ferðamenn legðust á glugga hjá því og tækju myndir.

Maður hefur heyrt að það er einstaka fólk sem er að kvarta yfir að þeir liggja alveg eins á gluggum og eitthvað og séu að mynda.[...] Ég eiginlega bara trúi ekki öðru en að þetta sé eitthvað mjög lítið. Þetta er kannski bara svo sjokkerandi þegar einhver svona saga fer af stað að þá tali allir um það. (Í10)

Fólki hefur stundum fundist ágangurinn vera smá mikill sko. [Sp. Hefur fólk kvartað undan því?] Já, svona á milli manna. Þegar einhver er kannski kominn og er að taka mynd bara inn til þín. X býr í svona gömlu húsi niðri á Eyri og það hefur fólk bara opnað og eiginlega kíkt inn. Það er voða skrítið. Hvort það haldi að það búi enginn í þessum húsum? Æ, maður veit ekki hvað það er. [Í3]

Einn viðmælandi, sem hafði reynslu af slíkum uppákomum, sagði að fyrst um sinn hefði verið æðislegt að upplifa stórborgarstemminguna í bænum. Fyrir um 4-5 árum hefði orðið einhver breyting á og ágangurinn á heimilið hefði keyrt um þverbak.

Þessi tegund af túrisme, þetta fólk virtist ekki virða mörk íbúa. [...] Við í miðbænum höfum svolítið upplifað þetta að fólk hangi á gluggunum og fáum ekki frið heima hjá sér. Við erum ekkert svo rosalega mörg sem

erum alveg upp við götuna þar sem fólk getur hreinlega labbað inn til þín. Fyrst var enginn hangandi á gluggunum. En á tímabili þá bara gafst ég upp, þetta var bara ekkert fyndið lengur. Fólk var bara með nefið: „hvernig ætli sé inni hjá þeim?“. Það var slæmt. [Í1]

Sögur af ónæði á Eyrinni höfðu áhrif á búsetuval eins viðmælandans, sem flutti í bæinn fyrir fáum árum.

Við X ræddum þetta áður en við fluttum og hvort við vildum næði. Okkur langaði að vera í göngufæri við bæinn en ekki þar sem fólk er að ráfa um. Við búum núna við Y og ferðamenn labba almennt ekki svo langt. [Í11]

Nokkrir viðmælendur sögðust fylgjast með lista yfir komur skemmtiferðaskipa á heimasíðu Ísafjarðarhafnar til að vita hvenær von væri á stórum og mörgum skipum. Einn viðmælandi sagðist hafa farið úr bænum til lengri eða skemmri tíma og forðast þær aðstæður sem geta skapast. Sumum þótti gaman að fara niður að höfn til að skoða skipin á meðan aðrir reyndu að velja aðra tíma til að fara í bæinn. Íbúar voru lausnamiðaðir og höfðu aðlagast breyttum aðstæðum.

Kannski á einhvern hátt setur maður sig í stellingar og einmitt nennir ekki að fara niður í bæ, fara út að borða eða eitthvað þegar það eru svona margir. En svo venst þetta auðvitað líka (Í3)

Maður er kannski bara með varann á sér í umferðinni á svona dögum. Maður heldur sínu striki (Í8)

En það eru vissir dagar, þessi tímabil og ég held alveg að fólk hafi verið farið að venjast því. Það bara gerði ráð fyrir hinum dögum. (Í7)

Eins og maður nennir kannski ekki á hádegi á laugardegi í Kringluna af því að maður veit að hún er full. Maður velur sér bara einhvern annan tíma. (Í6)


Ég er oft á hraðferð þannig að það tefur mig helvíti oft. Ég er tvær mínútur að hoppa inn í Nettó en ég þarf að skipuleggja 10 mínútur yfir sumrin út af því að ég þarf að bíða í röð í 8 mínútur. Það er svona það eina sem ég finn sem er svona pirrandi. (Í5)

Mikilvægi ferðapjónustu og ánægja íbúa

Vestfirðingar hafa haft mikla trú á efnahagslegu og samfélagslegu mikilvægi ferðapjónustu fyrir landsfjórðunginn eins og fyrri kannanir á viðhorfum heimamanna frá árunum 2017 og 2019 hafa sýnt. Árið 2019 sögðu um 90% Vestfirðinga að ferðapjónustan væri efnahagslega mikilvæg fyrir heimabyggðina. Hlutfall Vestfirðinga sem taldi ferðapjónustu vera mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf var einnig hátt. Hins vegar töldu 54% svarenda á Vestfjörðum að fáir nytu efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustunni í heimabyggðinni. Var það mun hærra hlutfall í samburði við aðra landshluta þar sem hlutfall þeirra sem svo sagði var á bilinu 25-36%.

Árið 2019 sögðust 80% Vestfirðinga vera ánægðir með ferðapjónustu í sínu samfélagi sem var ívið lægra en á landsvísu þar sem hlutfallið var 85%. Í viðtölum við Ísfirðinga árið 2015 kom fram að ferðamenn lifga upp á bæinn og að íbúum hefði þótt gaman að hafa bæinn sinn fullan af fólki. Mikilvægi atvinnugreinarinnar kom þar einnig fram og að vægi hennar hefði aukist þó svo að hún teldist enn ekki til undirstöðuatvinnugreina á svæðinu.

Í símakönnuninni 2021 var mikilvægi ferðapjónustu undirstrikað en 9 af hverjum 10 svarendum á Ísafirði sögðu ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Jafnframt kom almenn ánægja íbúa skýrt fram eins og sjá má á mynd 1. Á Ísafirði voru þeir sem störfuðu í ferðapjónustu marktækt ánægðari með ferðapjónustu í heimabyggðinni en þeir sem störfuðu í öðrum atvinnugreinum. Konur og einstaklingar sem störfuðu í ferðapjónustu voru marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Ungt fólk undir þritugu og einstaklingar sem höfðu búið á Ísafirði í 6-10 ár voru líklegust til að vera ósammála. Munur var milli rannsóknarsvæðanna á því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðapjónustu og ánægju íbúa og var sá munur marktækur (mynd 2). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli mats á mikilvægi og ánægju en sterkast var sambandið í Mývatnssveit og á Höfn.



Mynd 1 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar


Viðmælendur á Ísafirði voru almennt ánægðir með ferðapjónustu á svæðinu þó svo að sjónarmiðin toguðust á eins og áður hefur verið nefnt.

Viðhorfin togast alveg á hjá manni. Manni finnst gott upp á fjárhaginn og annað að það sé aukning en svo finnst manni þolmagníð hjá bænum ekki vera endalaust fyrir endalausum ferðamönnum. (Í3)

Ég held að það sé yfirhöfuð jákvætt að fá ferðafólk hingað. (Í9)

Á meðan mörk íbúanna eru virt þá finnst mér túrismi almennt af hinu góða og skemmtilegur Ég held það að samfélag sem upplifir fjölbreytileika sé gott samfélag. (Í1)

Maður er kannski alveg tilbúinn til að taka á sig smá perring af því að maður veit að það er í stærra samhenginu fyrir heimabyggðina, samfélagið, bæinn sinn, aðra íbúið, að það efli samfélagið þá er það allt í lagi. Mér finnst það frekar litlar fórnir að færa þó það séu margir á ferð um bæinn í einhvern stuttan tíma á ári. (Í10)



Mynd 2 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítið vægi; 5=mjög mikið vægi)

Myndin sem teiknaðist upp af mikilvægi ferðapjónustunnar var heldur ekki einföld. Þrátt fyrir miklar tekjur var mismunandi hvaða þýðingu viðmælendur töldu að ferðapjónustan hefði fyrir samfélagið. Sumir vildu meina að ferðapjónustan væri mjög mikilvæg, nokkrir voru ekki vissir en töldu líklegt að hún hefði vægi fyrir einhverja og enn aðrir voru á því að ferðapjónustan væri ekki mikilvæg, hvað þá fyrir hinn almenna íbúa.

Hún er mjög stór. Það eru mjög margir í ferðapjónustu hérna. (Í4)

Ja, sko ég allavega held að ferðapjónustan sé mikilvæg. Ég veit ekki annað. Þetta kemur upp, „bíddu, bíddu, er þetta að hafa, þú veist?“, og fólk er ekki alveg viss. (Í10)

Það eru nokkur fyrirtæki. Wild Westfjords og svona fleiri fyrirtæki sem eru að fara með fólk og hópa í alls konar ferðir. Hvort sem það er skipatúrisminn sem nýtir sér það í dagsferðir eða hvort það er almennur túristi sem er hér á ferðalagi, þetta er fólk sem er búið að síðustu 8 ár eða

svo að byggja upp sín fyrirtæki. Og ég veit um einhverja sem lifa af þessu. (Í1)

Nokkrir viðmælendur áttu ættingja sem stóðu í veitinga- og/eða verslunarrekstri í bænum og sögðu sumir að áhrif ferðamanna á verslun væru ótvíræð en aðrir voru ekki jafn vissir.

Mér hefur skilist það að sum fyrirtæki, eins og bakariin – þó annað sé farið - og allavega ein búð og ég held að það séu fleiri búðir, sem hafa sagt að þau mundu ekki bera sig ef það kæmu ekki til þessir sumarferðamenn af skipunum. (Í10)

Maður gæti alveg ímyndað sér að það væru kannski færri búðir hérna og minni ef veltan væri minni. Það er ekkert víst að maður hefði þá veitingahúsin og það ef það væri ekki fyrir ferðamennina. (Í9)

Nokkrir viðmælendur töluðu um mikilvægi ferðapjónustunnar í samhengi við fjölbreytni atvinnulífsins á Vestfjörðum. Skemmtiferðaskipin hefðu skapað fyrirtækjum og einstaklingum atvinnu.

Auðvitað munar það fyrir einhvern sólóguide hérna að hafa 3, 4, 5, 6, 7 daga vikunnar einhverja 1000 mögulega viðskiptavinum. Þó hann sé kannski bara að fá einn af hverju skipi þá getur það alveg munað fyrir þennan sólóguide. (Í8)

Þótt íbúar á Ísafirði telji ferðapjónustuna í bænum vera mikilvæga þá var ljóst að þeir telji hana ekki til undirstöðuáttvinnuvega. Aðrir atvinnuvegir skipti samfélagið mun meira máli.

Ferðapjónustan er ekki mikilvæg efnahagslega svona í stóra samhenginu. En hún er kannski mikilvæg sem einhver vaxtarsproti og upp á fjölbreytni atvinnulífsins. En ef þú berð hana saman við efnahagslegar undirstöður þessa landshluta þá er þetta bara eins og Ísland 1990 eða eitthvað þannig. Mig grunar að hlutföllin séu einhvern veginn þannig. (Í8)

Vissulega er þetta einn af hornsteinunum í atvinnulífi okkar. En kannski eru minni áhrif hér vegna þess hversu „lítið hlutfall“ þetta var af atvinnunni hérna. Atvinnan á Vestfjörðum er fiskur og núna lax. Það eru þessir stóru póstar og annar þeirra er að stækka alveg gífurlega sem er þá kannski mótvægisáðgerð við að missa eitthvað út úr hinu. (Í6)

Bent var á að mikilvægi skemmtiferðaskipanna á Ísafirði væri mismunandi eftir sjónarhorninu. Stundum hefði gleymst að skipin hefðu verið mikilvæg fyrir ferðapjónustu og fyrirtæki í nágrannabæjarfélögunum. Skipin kynnu að hafa aðra þýðingu fyrir samfélögin þar en fyrir Ísafjörð. Margir farþegar hefðu farið í vettvangsferðir út úr bænum.

Það er miklu meira af því að fólk leigi sér bíl eða fer í rútuferð. Það fer á Flateyri, Suðureyri, Þingeyri, fer á Dynjanda. Svo fer það út í Bolungarvík, Ósvör eða inn í Djúp, Hvítanes að sjá selina og inn í Litla-Bæ. Þetta eru þessar ferðir sem eru hérna. Það er ekki bara Ísafjörður heldur líka út fyrir. Það gleymist oft. Þetta eru ekki bara okkar hagsmunir heldur líka hinna vegna þess að það er ekki bara beint í þennan punkt. (Í7)

Þetta fólk notaði allar rúturnar okkar. Maður auðvitað veit svona aðeins hvað svona ferðir kosta, 20-30.000 kostaði að fara með rútnni að Dynjanda og tilbaka. 15.-20.000 kostaði að fara til Súgandafjarðar að skoða sjávarþorpið, fara í gegnum frystihúsið og þetta. Ef við segjum að það séu 15.000 sinnum 100.000, það er einn og hálfur milljarður í tekjur á svæðinu. Auðvitað dreifist þetta á marga staði og allt þetta en það kemur inn í samfélagið og skilar sér þá væntanlega í auknu útsvari, auknum skatti. (Í6)

Í umræðu um vægi ferðapjónustunnar á Ísafirði veltu sumir viðmælendur því fyrir sér hvaða hópar græddu á ferðapjónustunni.

Það gefur augaleið að ferðapjónustufyrirtækin græða mest á þessu en bakarí, verslanir, sjoppur, hitt og þetta, einhverjar búðir - þær fáu sem eftir eru hérna á Ísafirði, þær allavega græða á þessu. Ég veit ekki hvort við fólkið sem býr hérna séum eitthvað þannig séð mikið að græða á þessu, ég veit ekki. (Í5)

Fyrir utan fólkið sem á rúturnar og örfáa ferðaskipuleggjendur er ég ekki viss um að það græði neinn raunverulega svo mikið á því. Ég held að farþegar af skipunum séu ekki að eyða miklum peningum í bænum. Ég held að fólk sem rekur veitingastaði og verslanir í bænum geti ekki fengið svona miklar tekjur af því. (Í11)

Sveitarfélagið græðir alltaf rosa mikið þegar skipin koma. (Í5)

Þar sem þessi skip eru setja þau, held ég, heilmikinn pening í bæjarsjóð, bara út af hafnargjöldum. (Í2)

Nær allir viðmælendurnir töluðu um að sveitarfélagið og hafnarsjóður hefðu haft umtalsverðar tekjur af skemmtiferðaskipunum. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður könnunar starfshóps hjá Ísafjarðarbæ um skemmtiferðaskip frá 2017 þar sem 60% Ísfirðinga voru á því að skipin færðu Ísafjarðarbæ tekjur (Ísafjarðarbær, 2019). Tekjur af skipunum falla undir B-hluta sveitarfélaga en sumir viðmælendur töldu víst að tekjur vegna skipanna hefðu haft mikla þýðingu fyrir rekstur sveitarfélagsins. Líta mætti á móttöku skemmtiferðaskipa sem eins konar viðspyrnu þegar sjávarútvegur fór að dragast saman.

Þetta hefur svolítið annað samfélagslegt mikilvægi út frá rekstri sveitarfélagsins. [...] Þegar sjávarútvegurinn hrynur í nokkrum áföngum þá hafði það rosalega mikil áhrif á rekstur hafnarinnar sem aftur hefur áhrif á rekstur sveitarfélagsins. [...] Þegar þessi skemmtiferðaskip fara að koma, þá er þetta nýtt tekjustreymi sem hafði ekki verið. Þegar sjávarútvegurinn minnkaði verður höfnin alveg rosalegur baggi á sveitarfélaginu. Svo fer það einhvern veginn að lagast þegar það kemur nýr tekjumöguleiki inn. (8)

Ísafjarðarhöfn fær um helming af heildartekjum sínum frá skemmtiferðaskipum og án þeirra þyrfti höfnin niðurgreiðslu úr bæjarsjóði (Ísafjarðarbær. (e.d.b). Viðmælendur voru ekki í neinum vafa um að auknar tekjur til sveitarfélagsins væru af hinu góða. Nokkrir viðmælendur voru þó að einhverju leyti gagnrýnir á tekjurnar og veltu því upp að hve miklu leyti þessar tekjur hefðu verið á kostnað íbúanna og hvort hægt væri að nota hluta þeirra til að bæta innviði innanbæjar og koma til móts við þarfir íbúa.

Aðgerðir sveitarfélagsins

Eins og fram kom hér ofar mátti greina á frásögnum nokkurra viðmælenda að álag í bænum vegna skemmtiferðaskipa hafi náð nýjum hæðum fyrir um 4-5 árum. Nokkrir viðmælendur sögðu að brugðist hefði verið við óánægjuröddum íbúa. Árið 2017 var haldin ráðstefna um skemmtiferðaskip, gerðar voru íbúakannanir og sveitarfélagið setti á fót starfshóp um framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa svo fátt eitt sé nefnt. Íbúi á Eyrinni kom fram á ráðstefnunni til að segja sína sögu af skemmtiferðaskipunum út frá sjónarhorni íbúans. Einn viðmælandi taldi að ráðstefnan hefði verið vel heppnuð og að þessi frásögn hefði breytt miklu. Þegar

frá leið hafi sveitarfélagið ráðist í stígagerð meðfram sjónum. Framkvæmdirnar vöktu vonir um að gangandi umferð myndi færast af götunum og þar með yrði dregið úr þrýstingi á heimamenn. Lítil reynsla var komin á það áður en faraldurinn skall á.

Ef þú ætlar að taka á móti massatúrisma þá þarftu að hafa eitthvað fyrir hann. Þá þarftu að beina fólkinu víðar um bæinn til þess að þeir sem vilji njóta náttúrunnar við sjávarströndina geti gert það. Og þá séu, eins og voru, lagðir stígar eða það séu sett klósett þannig að það þurfi ekki að loka kirkjunni af því að var allt útskiði klósettið þar. Það var rosa reiði í bænum. [...]En þessir stígar voru settir... þetta var planlagt og ég held að þessi ráðstefna hafi haft áhrif, þar sem kom berlega í ljós saga okkar sem búum hérna. (Í1)

Uppbygging innviða sem þessara stíga var öðrum viðmælendum einnig hugleikin og fögnuðu þeir þeim úrbótum sem hafa verið gerðar. Þá voru einnig margir á því að leggja þyrfti áherslu á verndun umhverfis og náttúru.

UPPLIFUN ÍBÚA AF FERÐAMÖNNUM OG FERÐAÞJÓNUSTU Í HEIMSFARALDRI

Áhrif heimsfaraldurs á daglegt líf og fækkun ferðamanna í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins breyttist daglegt líf fólks mjög hratt.

Þetta var ofboðslega skritinn tími. Maður hugsar til baka með smá hrolli. Þetta var alveg notalegt en það var samt líka eitthvað ekki gott við þetta heldur. Það eru blendnar tilfinningar. (Í3)

Um tíma var 5 manna samkomubann á Ísafirði og var fólk beðið um að halda sig heima. Takturinn í bænum varð hægari. Nokkrir fundu sterkt fyrir samstöðu í bænum.

Stemmingin var rosalega... bara engin. Að vera í 5 manna samkomubanni er bara rosalega erfitt og þetta var á þessum tíma að heimamenn voru bara hérna. Þeir voru heima hjá sér. Jú, maður fór út í búð. Ég og flestir voru kannski bara þannig að fara í búð og svo bara heim. Kosturinn við að vera í vinnu og geta unnið heima og þá bara gerði maður það. (Í7)

Ég held að það sem hafi einkennt samfélagið var samstaða og tillitssemi. Að taka tillit til náungans, passa fjarlægðarmörk og við urðum mjög samstillt. Það var mín upplifun af þessu sem kom upp. (Í1)

Yngstu viðmælendurnir sögðust ekki hafa fundið fyrir stórum breytingum lífi.

Fyrir mitt persónulega líf, nei, þá skipti það mig ekki miklu máli. Það eina sem ég pældi á þessum tíma var hvort ég gæti lifað þannig séð eðlilegu lífi, haldið áfram að gera það sem ég var að gera. Væntanlega þó með einhverjum undantekningum. (Í5)

Atvinnurekendur hugsuðu um sinn rekstur og hvernig mætti að halda honum gangandi. Fyrst um sinn var óvissan algjör en smám saman fann fólk hvernig væri hægt að halda fyrirtækjum gangandi.

Við, blessunarlega, gátum haldið úti starfsemi. [...]Fyrstu tvær til þrjár vikurnar eftir að menn skella þessu á, þá var eins og menn væru að finna hvernig þetta væri. Ég hugsaði bara: „Nei, við erum ekki þarna. við klárum þetta í sameiningu þó við getum ekki keyrt þetta á fullu. Það eru margir miklu verr staddir“. Þannig var fyrsta hugsunin gagnvart fyrirtækinu. (Í6)

Ísfirðingar sögðust lítið hafa orðið varir við fækkun ferðamanna í fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins þar sem hún kom upp á tíma þar sem ferðamenn hafa alla jafna verið fáir á Vestfjörðum.

Þetta var bara eins af því að veturnir eru hvort sem er bara rólegir. (Í9)

Framan af var útlit fyrir að einhver skemmtiferðaskip myndu koma.

Við vorum mjög uggandi hérna í vor þegar það var ekki búið að slá þetta af og við hugsuðum bara: „eru að fara að koma hérna fleiri þúsund manns?“. Það var áður en þessi faraldur sem við vitum að varð þá var maður að halda að það mundi koma hérna fólk með skipunum. Af því að það var gefið út fyrst að það mundi verða gert. Manni leist ekkert alveg á það. (Í3)

Smám saman varð ljóst að engar skipakomur yrðu þetta árið. Flestir viðmælendur, en þó ekki allir, sögðust hafa fundið fyrir létti að fá hvíld frá „massanum“ sem kom með stóru skipunum eitt sumar en á sama tíma setti það ugg að fólki.

Maður var þínu feginn. Ég held að margir hafi bara verið þínu fegnir og þetta yrði kannski túristafrítt sumar. Það væri ágætt að fá svolítið fri frá þessum skipum. En svo líka kemur auðvitað hitt upp með Hafnarsjóðinn og áhrifin sem þetta hefur náttúrulega á ferðaþjónustuna. Þannig að þetta var svona blanda af feginleik og áhyggjum. (Í8)

Ég skammast mín aðeins fyrir það en ég varð frekar glöð. Það var svona léttir að fá að vera eitt sumar þínu frjáls. Ég skammast mín fyrir það og viðurkenni það alveg. [...] En ég fékk smá fri og gat meira gert úti við. Þannig að ég var aðeins frjálssari, því miður. (Í1)

Mér létti að skipin væru ekki að koma og ég held að margir sem eru ekki græða á þeim hafi verið nokkuð létt yfir því að hafa þau ekki í bænum. Ég geri ráð fyrir að það sé að hluta til ekki gott hluti fyrir höfnina og líklega ekki fyrir ferðaþjónustufyrirtækin. Já, ég var ánægður með það. (Í11)


Ég heyrði suma segja: „Oh, hvað það er gott. Þá verða ekki eins margir ferðamenn á götunum.“ Ég vissi náttúrulega strax að þetta var ekki gott. En ég var svolítið þarna: „Úbbs, þetta er hræðilegt!“. Ég var þar. (Í6)

Bærinn var tómlegri en áður.


Eftir að COVID byrjaði þá hefur þetta eiginlega bara dáið. Þetta er bara dáið. Maður sér varla líf, þannig séð. (Í6)

Maður sér alveg einn og einn en ekkert svona alvörunni síðan sumarið 2019. (Í4)

Í símakönnun sögðu tæplega 70% Ísafirðinga að bærinn hefði verið daufllegri en áður vegna fækkunar ferðamanna og nærri jafnhátt hlutfall bæjarbúa þótti neikvætt að erlendum ferðamönnum hefði fækkað umtalsvert á svæðinu (mynd 3). Á mynd 4 sést þó að hlutfall þeirra sem upplifðu daufllegri heimabyggð var marktækt lægst á Ísafirði samanborið við hina rannsóknarstaðina þrjá. Á Ísafirði var marktækur munur milli aldurshópa og eftir lengd búsetu á svæðinu. Einstaklingar með lengri en 20 ára búsetu og einstaklingar 45 ára og eldri fundu frekar en aðrir fyrir daufllegri heimabyggð.



Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir



Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá Ísafirði

Áhrif á ferðapjónustu og aðra þjónustu

Eitt það fyrsta sem viðmælendur fundu fyrir og snerti ferðapjónustuna á Ísafirði var að árvissir viðburðir kringum páska féllu niður vegna samkomutakmarkana. Þótt viðmælendur hefðu ekki allir verið virkir þátttakendur í þessum viðburðum sögðust nokkrir hafa oft verið í hlutverki gestgjafans á þessum tíma eða nutu þess að rekast á brottflutta Ísfirðinga/Vestfirðinga sem venjulega lögðu leið sína vestur. Mun minna var um ferðalög.

Það kom enginn til mín sem hefur komið undanfarna alla páska. Þau þorðu ekki að koma hingað og ég þorði ekki að fara suður. (Í10)

Páskarnir dattu alveg upp fyrir með öllu sínu. Það er svo mikið um að vera á Ísafirði á páskum. Bæði túristar og gamlir Ísfirðingar hafa alltaf komið og fjölmennt. Aldrei fór ég suður datt upp fyrir. Það var helsta breytingin. Já, það var mjög mikill munur á öllu bæjarlífi. (Í2)


Áhrif heimsfaraldurs á ferðapjónustuna voru fæstum viðmælendum efst í huga í fyrstu og fáar vísbendingar komu fram um áhyggjur af greininni. Flestum var þó ljóst að fækkun ferðamanna myndi til lengri tíma hafa áhrif á fyrirtækin á svæðinu.

Það hefur verið neikvæð líðan gagnvart þessu núna eftir að COVID kom og maður finnur til með fólki sem var kannski að byggja allt sitt á að setja þetta upp og útbúa sig í þetta. (Í6)

En ég ímynda mér að það hafi nokkuð margir fundið vel fyrir þessu. Eins og þeir sem eru að reka gistiheimilin og hótelin. Svo eru aðallega á sumrin rúturnar í kringum skemmtiferðaskipin. (Í9)

Veitingastaðirnir eru opnir en maður finnur alveg til með þeim [...] Maður ekki alveg hvernig þetta á að ganga svona lengi. Ég hugsá að þetta hafi haft áhrif á flesta verslun. Það er verslun hérna sem X á, þau eru með handverk og svoleiðis. Það má segja að ferðamennirnir af skemmtiferðaskipunum haldi þeim algjörlega uppi. [...] Og rútufyrirtækin sem eru hérna að selja ferðir. Þannig að það er alveg heilmikið í kringum þetta sem bara hrundi núna. (Í3)

Í símakönnun sagðist um fjórðungur svarenda (24%) á Ísafirði hafa fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna (mynd 5) sem var marktækt lægra hlutfall en á hinum stöðunum þremur. Á Ísafirði var hlutfall svarenda sem ekki fann fyrir skertri þjónustu langhæst, eða 72% en var á hinum



Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir

stöðunum á bilinu 30-52%. Á Ísafirði var marktækur munur milli aldurshópa, íbúar á aldrinum 45-59 ára voru líklegastir til að finna fyrir skertri þjónustu.

Sumir viðmælendur á Ísafirði sögðust ekki hafa fundið fyrir neinum breytingum á þjónustu. Nefnt var að opnunartími hefði styst og að líkamsræktarstöðvar og kvikmyndahús hefðu þurft að loka vegna faraldursins. Oft kom fram að ekki væru augljósar tengingar milli þjónustuframboðs á svæðinu og ferðapjónustu og að ekki væri einfalt að greina á milli hvort COVID-19-faraldrinum væri um að kenna eða fækkun ferðamanna. Faraldurinn var samt sem áður samnefnarinn.

Fólk heldur að ástæðan fyrir því að þjónustustigið minnkar sé COVID. En er það COVID eða er það vegna þess að skemmtiferðaskipin gátu ekki komið? Skilurðu hvað ég meina? COVID er samasem-merki en það er ekki bara vegna þess að það kom COVID. Það er vegna þess að skemmtiferðaskipin komu ekki. Sumarið [2020] var minna. Maður heyrði alveg á Íslendingum sem komu til Ísafjarðar og kvörtuðu yfir að það var ekkert opið. En ég sé það og það sé kannski ástæða fyrir því að það er ekki alltaf hægt að hlaupa inn í eitthvað. (Í7)

Nokkrir töluðu um að þjónusta hefði að sumu leyti orðið betri en þeir hafi áður vanist og bætti búsetuskilyrðin. Þannig var til dæmis nokkur ánægja með veitingastaði sem hefðu brugðist við breyttum aðstæðum og boðið upp á matparpakka í heimsendingu eða til að taka með.

Mér fannst auðveldara allt viðmót varðandi netverslun. Það er plús fyrir okkar svæði. (Í1)


Mér finnst að ef eitthvað er að blómstra þá eru það veitingastaðirnir og sérstaklega þar sem er boðið upp á áhugavert take out. Veitingastaðir eru að fatta þetta. Núna er smörrebröðstíminn og það eru allavega tveir staðir sem eru mikið að auglýsa brottnáms-smörrebröð, eins og annar staðurinn orðaði það. Þetta er nýtt. (Í10)

Bent var á að tíðni áætlunarferða í innanlandsflugi hefði dregist saman fljótlega eftir að faraldurinn hófst og bitnaði það á íbúum sem þurftu að útrétta í Reykjavík.

Maður hefur kannski átt læknisheimsókn en það er ekki hægt að stóla á það í dag. Þú átt auðveldara með það að keyra. (Í7)

Áhrif á atvinnu og tekjur einstaklinga

Enginn þeirra viðmælenda, sem voru virkir á vinnumarkaði, hafði misst vinnuna í faraldrinum og fæstir sögðust hafa orðið fyrir tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna faraldursins. Þetta rímaði við niðurstöður símakönnunarinnar en 75% Ísfirðinga taldi COVID-19-faraldurinn ekki hafa haft áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna þeirra. Var það mun hærra hlutfall en á hinum rannsóknarstöðunum þremur (mynd 6). Á Ísafirði var marktækur munur á svörum eftir stöðu á vinnumarkaði (neikvæðust áhrif á tekjur sjálfstætt starfandi, námsmanna og þeirra sem störfuðu við annað) og eftir því hvort einstaklingar störfuðu við ferðaþjónustu.



Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir

Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Mat á áhrifum Covid-19 faraldursins á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra*	
Starfar ekki í ferðaþjónustu (Ísafj.)=0	2,847
Starfar í ferðaþjónustu (Ísafj.)	-0,435**
Búseta (Ísafjörður=0)	2,791
101 Reykjavík	-0,224**
Mývatn	-0,226**
Höfn	-0,457**
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð áhrif; 5=mjög jákvæð áhrif	
**p>0,001	

Til að skýra tengsl mats á áhrifum faraldurs annars vegar á tekjur og hins vegar búsetu og þess hvort einstaklingar hafi ferðaþjónustu að aðalstarfi var gerð aðhvarfsgreining á svörum þessara hópa. Svörin voru metin á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknaði mjög neikvæð áhrif og 5 táknaði mjög jákvæð áhrif (mynd 6). Aðhvarfsgreiningin sýnir að Ísafirðingar settu sig að jafnaði á 2,8 á kvarðanum sem segir til um áhrif COVID-19 faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna sem er 0,2-0,4 stigum hærra en á hinum stöðunum þremur (tafla 3). Af þessu má sjá að áhrif faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna þeirra hafi verið mildari á Ísafirði en á hinum stöðunum þremur og að einstaklingar á öðrum stöðum hafi metið áhrif faraldursins neikvæðari á tekjur. Greiningin staðfestir einnig að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga með starf í ferðaþjónustu hafi verið neikvæðari en á einstaklinga í öðrum atvinnugreinum.

Fáir viðmælendur á Ísafirði þekktu dæmi þess að fólk hefði misst vinnuna alveg vegna faraldursins þó svo að verkefnum hefði fækkað, þar með talið í ferðaþjónustu. Hjá mörgum hafi ferðaþjónustan ekki verið heilsárs starf heldur árstíðabundið verkefni sem gaf aukatekjur.


Ég veit ekki um neinn sem er að missa vinnuna alveg. Ég held að það hafi flestir eitthvað annað að gera. Ef fólk hefur verið alveg í ferðaþjónustunni þá eru það oft vinir sem redda þér vinnu. Ég held að þetta hafi reddast hjá flestum. (Í4)

Þegar þú ert með sértækar ferðir sem eru bara byggðar fyrir skemmtiferðaskipin þá ertu í þínu vandræðum. [...] En maður hugsar til þeirra. „Fokk, hvað á ég að gera?“ En þetta er ekki algengt hér. Yfirleitt hafa þau eitthvað annað. [...] Þannig að maður hugsaði: „Ókei, við lifum það af í þetta sinn“. (Í7)

Í raun og veru er enginn að tala um að þetta sé alveg ferlegt og hræðilegt eða eitthvað. Það er ógeðslega fyndið. Þetta er ekki eins og mottunni hafi verið kipt undan okkur einhvern veginn, upplifunin er ekki sú. (Í3)

Bærinn er enn í finu lagi. En stór hluti af því er líklega fiskveiðarnar og kvótinn. Þessi hálaunuðu og áreiðanlegu störf eru enn hérna. Ég þekki fólk sem þurfti að breyta til. Ég þekki fólk sem sinnir ferðaþjónustu á sumrin og er í iðnaðarvinnu þar fyrir utan. Það endaði á að vera í iðnaðarvinnunni allt árið. Það eru svona hlutir. Lítil tilfærsla á lífsviðurværi. Það er alveg ennþá nóg að gera svo ég held að það sé gott að vita að við getum staðist þetta. Kannski er það... vegna þess að það virðist vera að mikið af peningum sem fara í svo fáar hendur, þú veist, eins og ferðaþjónustufyrirtækin, höfnin. Ég er viss um að þetta var kjaftshögg fyrir þetta fólk, en restin af bænum kannski ekki svo mikið vegna þess að lífsviðurværið okkar var ekki allt bundið við þessa atvinnugrein. (Í11)

Fæstir höfðu trú á því að atvinnuleysi hefði aukist mikið á svæðinu í faraldrinum. Þó svo að dæmi væru um störf t.d. í bankaútibúum, sem hefðu verið lögð niður tengdist það ekki beinlínis efnahagsástandinu. Viðmælendur töldu að einstaklingar sem höfðu færri verkefni hefðu leitað í önnur störf.



Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir

Í símakönnun kom í ljós að um helmingur svarenda á Ísafirði taldi atvinnuleysi í ferðaþjónustu í faraldrinum hefði bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu. Marktækur munur var á svörum Ísafirðinga samanborið við svör íbúa á hinum rannsóknastöðunum þremur (mynd 7) þar sem hlutfall þeirra sem taldi erlent starfsfólk frekar hafa orðið atvinnuleysi að bráð var hærra. Í viðtölunum kom fram að dæmi væri um erlenda einstaklinga sem venjulega hefðu komið til Ísafjarðar á sumrin til að vinna í ferðaþjónustu t.d. við leiðsögn en hefðu ekki komið.

Ég held að margir útlendingar sem unnu í ferðaþjónustufyrirtækjunum hafi farið. [...]. Sumir þeirra ákváðu að fara vegna þess að þeir gátu ekki farið í skoðunarferðirnar lengur. Það eru nokkrir sem koma venjulega á sumrin en gerðu það ekki núna. (Í11)

Áberandi var að margir töluðu um að fólk hefði „látið sig hafa það“ og að „þetta hafi reddast“ sem benti til þess að samfélagið hafi hjálpast að við að láta hlutina ganga upp svo að vinir og vandamenn stæðu ekki uppi án tekna. Þar fyrir utan væru ýmis störf í öðrum greinum í boði á svæðinu.

Það er kannski ekki að missa vinnuna. Enda hefur kannski verið lenska á Vestfjörðum að atvinnuleysi hefur atvinnuleysi verið flutt út. Það er ekki

atvinnuleysi. En maður sér alveg að það eru einstaklingar, kannski einstaklingur sem átti tvær rútur og eitthvað svona og treysti náttúrulega bara á þetta. Tekjugrunninum er bara kippt undan honum. Nei, ég held að það sé ekki mikil umræða. Ekki í samfélaginu. (Í6)

Persónulega þá er ekki mikið af fólki í kringum mig sem hefur misst vinnuna, alls ekki. [...]Í dag var verið að auglýsa eftir fólki hjá Arctic Fish. Arnarlax er líka að leita sér. Það virðist vera hægt að fá vinnu. En að vissu leyti er þannig hérna að það er svolítið erfitt... Sum störf eru mjög sértæk [...] en það er alveg hægt að finna eitthvað. Sumt er alveg eitthvað sem er ekki möguleiki af því að maður hefur ekki menntun í það. En sérstaklega eins og í fiskeldinu þá eru að koma inn störf þar og þeir eru að bæta við sig. (Í7)

Ungt fólk átti erfiðara en áður með að komast að í sumarstörfum og tækifærin voru færri.

Ég veit að þeir sem voru í ferðaþjónustunni áttu erfitt með að finna vinnu. En annars eru bara flestir í búðinni eða eitthvað (Í4)

Ég hef bara tekið eftir því að minn árgangur, það er miklu erfiðara fyrir þau að fá sér vinnu. Miklu erfiðara. Ég var sem betur fer með vinnu fyrir

COVID þannig að ég má táknast sem mjög heppinn. En eins og margir vinir mínir, það var annað hvort að dúsa heima eða fara í háskóla út af því að fá sér vinnu var ekki valmöguleiki því það var ekkert í boði. Ef þú þekktir engan sem gat boðið þér vinnu þá gastu alls ekkert fengið vinnu. Sumir vinir mínir þurftu bara að vinna hjá mömmu þinni eða pabba, ef pabbi var iðnaðarmaður eða eitthvað þannig, fattarðu. [...] En ég held að enginn af mínum vinum sé í sömu vinnu í dag og þeir voru í síðasta sumar. (15)

Almennt voru viðmælendur á því að einstaklingar og fyrirtæki sem reiddu sig alfarið á skemmtiferðaskipin hefðu líklega átt erfitt en slík dæmi hefðu verið fátíð. Fólki var þó létt yfir því að samfélagið hafi ekki átt allt sitt undir í ferðaþjónustunni.

Það kannski sést líka þegar koma upp óvæntar aðstæður eins og COVID þá er náttúrulega ekki gott að vera með öll eggjin í sömu körfunni. (18)

Viðmælendur höfðu trú á því að þrátt fyrir að ferðaþjónustan hefði tekið á sig högg þá hefði staða annarra atvinnugreina á Ísafirði verið sterk.


Sumarið 2020

Eftir erfitt vor og strangar sóttvarnir voru samkomutakmarkanir rýmkaðar í maí 2020. Takturinn í bænum breyttist á ný og bjartsýni fór að aukast. Um leið og grunn- og framhaldsskólum var slitið fóru viðmælendur smám saman að taka eftir ferðamönnum í bænum.

Það var gott að fá pásu frá veirunni og finna lífið færast aftur í fastar skorður. Við áttum nokkuð eðlilegt sumar, allir voru svo afslappaðir. (11)

Viðbúið var að með engin skemmtiferðaskip yrði lífið í bænum á annan veg en sumrin á undan. Viðhorfin til þessa voru blandin. Sumir voru hvíldinni fegnir eins og fram kom að framan en einhverjir voru á því að sjónarsviptir væri af skipunum. Í símakönnun kom fram að 51% svarenda á Ísafirði saknaði skipanna af Pollinum meðan 38% söknuðu þeirra ekki (mynd 8).

Maður var ekki að taka eftir þessum massa sem var að koma, sprangandi um götunnar sem manni þótti svo notalegt að sjá allt þetta líf. (16)



Mynd 8 Engin skip á Pollinum – svör Ísfirðinga

Nokkrir viðmælendur sem voru komnir um og yfir miðjan aldur nefndu að stemmingin hefði um skeið minnt á tíma þegar þeir voru yngri. Yngstu viðmælendurnir höfðu aldrei upplifað sumar á Ísafirði án skemmtiferðaskipa og voru það viðbrigði.

Mér fannst það mjög skrítið. Maður er náttúrulega vanur því að það sé alltaf bara fullt, fullt, fullt af fólki í bænum og allir í öllum búðum og maður kemst ekki í Nettó og allir alls staðar. Þetta var mjög skrítið og tómlagt einhvern veginn. Maður er svo vanur því að þau komu og það sé fullt af fólki. Síðasta sumar var fyrsta sumarið sem ég man eftir svona. (14)

Allir voru sammála um að mesta breytingin um sumarið hefði verið að farþegana af skipunum vantaði. Þrátt fyrir það var mikið líf í bænum. Viðmælendur sögðust lítið hafa tekið eftir erlendum ferðamönnum en vissu að einhverjir voru á ferðinni. Breytingin sem kom viðmælendum mest á óvart var að íslenskir ferðamenn höfðu aldrei verið jafn áberandi á svæðinu. Tjaldstæðin voru full, sundlaugarnar og veitingastaðirnir líka, íbúunum til mikillar ánægju.

Við fengum síðasta sumar rosalega mikið af Íslendingum, alveg gígantískt af þeim. En erlenda ferðamenn sér maður eiginlega ekki. Það var eitthvað í sumar og sérstaklega Norðurlandabúar, ég tók eftir því. En miklu meira af Íslendingunum. Maður varð miklu meira var við fólkið á jeppunum með fellihýsin. (17)


Ég hafði ekki veitt Íslendingum mikla athygli áður, það er satt. Kannski voru þeir hérna áður án þess að ég hafi tekið eftir því. (Í1)

Ótrúlegt. Þá fylltist maður bjartsýni. Ég held að það hafi aldrei verið eins mikið af íslenskum ferðamönnum og í sumar. (Í2)

Það kom jákvætt á óvart hvað komu margir Íslendingar. Það var bara troðið á veitingastöðum og erfitt að fá borð og svoleiðis, sem manni fannst bara líka að sumu leyti bara mjög gott. (Í10)

Kannski af því að ég var að komast upp úr þessu að láta mér þykja aftur vænt um skipatúristana mína, ég var að æfa mig í því, þá var svo gaman að fá alls konar fólk í bæinn. Maður sá bara á klæðaburðinum og annað að þetta voru Íslendingar með börnin sín, alls konar. [...] Það var verið að dreifa þeim til Bolungarvíkur og Súðavíkur til þess að fólk fengi tjaldsvæði. Þetta var bara meiriháttar. Og stuðið, svo gaman. Ég fór stundum [...] þar sem tjaldstæðið er. Og stemmingin! Mjög skemmtileg. Ekkert leiðindi eða ekki svona fullir Íslendingar eitthvað. Nei, nei þetta var bara fólk og allt svo glatt og mjög huggulegt. (Í1)

Í símakönnuninni kom fram að 93% Ísafirðinga fannst Íslendingar hafa verið meira áberandi um sumarið en oft áður (mynd 9) og var enginn marktækur munur á svörum mismunandi hópa á Ísafirði.



Mynd 9 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir


FRAMTÍÐ OG ENDURREISN FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á öllum stöðunum fjórum kom skýrt fram að íbúar töldu að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið í heimabyggð. Á Ísafirði voru 84% svarenda á þessari skoðun og var það marktækt lægra en á hinum stöðunum þremur þar sem hlutfallið var á bilinu 91-96%. Ísafirðingar voru þó ekki í neinum vafa um að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðaþjónustan myndi ná fyrri styrk að faraldrinum loknum, voru 94% svarenda á Ísafirði á þeirri skoðun. Einstaklingar sem störfuðu í ferðaþjónustu voru marktækt líklegri til að taka afstöðu með ferðaþjónustunni en þeir sem störfuðu við annað. Marktækur munur var á milli rannsóknastaðanna fjögurra eftir því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulíf og væntingar um að ferðaþjónustan í heimabyggðinni nái aftur fyrri styrk (mynd 10). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli þessara tveggja atriða.




Mynd 11 Mat íbúa á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðaþjónusta nái fyrri styrk. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítilvægt; 5=mjög mikilvægt)

Mikilvægi ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni var rætt í viðtölunum frá mörgum hliðum eins og tíundað hefur verið hér að framan. Á öllum stöðunum fjórum var mikill stuðningur meðal íbúa við aðgerðir stjórnvalda til varnar ferðaþjónustu og við takmarkanir á landamærum til að sporna við útbreiðslu á COVID-19 (myndir 11-12).



Mynd 10 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðaþjónustu - allir staðir



Mynd 12 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir

Á Ísafirði vonuðust viðmælendur til að ferðaþjónustan yrði fljót að taka við sér þegar bólusetning yrði útbreidd enda væri í raun allt til reiðu til að taka á móti ferðamönnum.

Þessi úrræði [í ferðaþjónustu] eru til staðar, þessi atvinnusköpun hefur verið fundin upp. Það er búið að planleggja og kaupa búnað til þess að fara í allt það sem á að gera. En þetta er ekki horfið, það bíður bara eftir því að vera notað áfram. (Í1)

Þó ferðaþjónustan sé í dvala þá er svo auðvelt að koma henni upp. (Í7)

Að mati margra viðmælenda hafði kórónuveirufaraldurinn ekki dregið máttinn úr ferðaþjónustunni á svæðinu. Fólk fari aftur í ferðaþjónustuna um leið og það getur.

Alveg pottþétt. Um leið og það verður eitthvað að gera. (Í4)

Faraldurinn hafi mögulega orðið til þess að draga jákvæða þætti hennar betur fram en áður; hvað íbúunum þótti best við hana.

Fjölbreytileikinn. Ólíkt fólk. Ólíkar skoðanir. Atvinnuöryggi á svæðinu. [...] Allur þessi fjölbreytileiki. Auknir möguleikar í ferðaþjónustu kalla líka á að við íbúarnir getum tekið þátt. Þannig að auðvitað verður meira líf í samfélaginu og það koma meiri peningar inn í samfélagið og það er jákvætt. (Í1)

Mér finnst jákvætt að fólk hafi lifibrauð af því og þannig og því meiri atvinnumöguleikar fyrir fólk, þó það sé kannski bara hlutur úr ári eða misjafnt. (Í10)

Af því að ég veit að það fylgja því tekjur þá líður mér vel. Þetta skapar störf og atvinnu og efnahagslegt sjálfstæði svæðisins. Það eru efnahagsleg áhrif sem mér finnast best af þessu. (Í6)

Þetta með ferðamanninn sem kemur og upplifir það sem maður elskar, skilurðu. Það að geta boðið þeim upp á að upplifa það. Ég held að það sé þetta „unique“ sem allir eru rosalega stoltir af, að geta sýnt það. (Í7)

Þetta rímar við kannanir sem gerðar voru 2017 og 2019 þar sem fjölbreytt mannlíf, atvinna, tekjusköpun og verslun hafa staðið upp úr sem jákvæðustu þættir ferðaþjónustu að mati Vestfirðinga. Í sömu könnunum kom fram að neikvæðustu þættirnir tengdust fjölda ferðamanna umgengni ferðamanna, slæmum vegum og umhverfismálum þ.á.m. mengun frá skemmtiferðaskipum og skemmdum á náttúru. Neikvæðu hliðarnar voru viðmælendum enn ljóslifandi og með svipuðu sniði og áður.

Ætli það sé ekki þessi massi sem kemur. Þessar þúsundir sem koma hérna á göturnar. (Í9)

Það er örugglega innviðirnir. Þeir eru kannski ekki alveg komnir þangað sem þeir ættu að vera. Og þá á ég helst við vegina. Húsið fyllist og þá kemurðu ekkert fleirum inn. Það má setja helvíti mikið á vegina áður en þeir fyllast. Og þeir þola það jafnvel þó þeir séu bara hálfir. (Í6)


Það sem er neikvæðast er hvað þetta er seasonal ennþá. Þetta er í raun og veru bara fjögurra mánaða tímabil. (Í8)

Aukin áhersla á sjálfbærni

Tæplega 80% svarenda í símakönnun á Ísafirði vildu að við endurreisn ferðapjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður (mynd 13). Marktækur munur var á svörum Ísafirðinga eftir aldri og búsetu og var eldra fólk og fólk með langa búsetu á svæðinu líklegra til að vilja aukna áherslu á sjálfbærni.

Í viðtölunum ræddu Ísafirðingar hugmyndir um sjálfbærni í samhengi við ánægju íbúa með ferðapjónustu og lífsgæði og höfðu þeir einnig miklar væntingar um sjálfbærni við endurreisn ferðapjónustunnar. Langflestir höfðu einhverjar hugmyndir um sjálfbærni og hvað þeir gætu lifað við. Sumir voru sáttir við ferðapjónustuna fyrir faraldurinn og vildu fá allt aftur eins og það var.

Ég reyndar sagði áðan að mér hefði þótt allt í lagi ef þeir hefðu verið fleiri. En ég held að þetta hafi verið orðið alveg sjálfbært vegna þess að mér leið ekki illa með að fá allan þennan hóp. Mér leið bara mjög vel með það. Ég get alveg tekið undir það að þetta eigi að vera svona en ef einn hlekkurinn fer þá brotnar sjálfbærnin. (16)



Mynd 13 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðapjónustunnar - allir staðir

Sumir höfðu ekki velt sjálfbærni fyrir sér í þessu samhengi.

Sjálfbærni? Æi, manni finnst oft þetta bara vera svona skrautorð.[...] Þetta er svo háleitt. En nei, ég veit ekkert hvað það ætti að gera eitthvað fyrir okkur varðandi ferðamenn. (13)

Flestir færðu umræðuna fljótlega að skemmtiferðaskipunum og veltu því fyrir sér að hvaða leyti sú ferðamennska skapaði íbúum ávinning eða ánægju.

Mér dettur alltaf bara skemmtiferðaskipin í hug. Það er svo mikið af þeim. Fólk er ekkert svakalega spennt fyrir því að hafa mjög mörg skip alltaf. Það þyrfti eitthvað að breytast þar og sérstaklega með sjálfbærninna. (14)

Það eina sem mér dettur í hug er hvernig samfélagið græðir á ferðamönnum er bara að þeir sem eru að reka fyrirtæki og eitthvað þannig og að sveitarfélagið græði og geti byggt upp eitthvað meira. Það er það eina sem ég veit um. [...] Ég veit ekkert hvað annað hinn almenni borgari sé að græða nema bara sveitarfélagið sem er að græða á þessu. Ég veit ekki, er eitthvað annað sem hinn almenni borgari er að græða á því að það séu margir ferðamenn? (15)

Ég held að það hefði mátt ganga hraðar að átta sig á því hvert félagslegt burðarþol svæðisins eða bæjarins er gagnvart skemmtiferðaskipunum. Þetta er ekki náttúruauðlind heldur félagsleg auðlind sem er svolítið gengið á. Það hefur einhvern veginn ekki gert neitt í því að skilgreina það eða ákveða það að þetta er fjöldinn sem við ráðum við án þess að við séum farin að ganga á félagslega auðlindina sem er fólkið sem býr hérna og er að einhverju leyti það sem er verið að sýna fólki. (18)

Umræðan um sjálfbærni var ekki einföld þar sem upplifunin af ferðapjónustu vegna skipanna og önnur ferðapjónusta gat verið of ólík til að hægt væri að ræða um hana með sömu formerkjum. Eftir að hafa upplifað eitt sumar án skemmtiferðaskipa, sem nokkrir viðmælendur voru upplifa í fyrsta sinn, gat verið ennþá flóknara að sjá hvernig púslin pössuðu saman.

Ferðapjónusta og ferðapjónusta er ekki alltaf það sama. Við erum búnar að ræða tvo hluti. Við erum að fá aukna ferðapjónustu Íslendinga sem hafði mjög jákvæð og skemmtileg áhrif. [...] Hins vegar erum við með skipatúrismann sem er að ferðast bara til að sjá hluti og þeir eru fá allt sitt um borð. [...]Ef þú ert að tala um sjálfbærni og auka lífsgæði íbúanna þá... ef ég fengi bara annan helminginn, skilurðu. Ef ég fengi bara Íslendingana og bakpokatúristann, þessa skemmtilegu, sem eru hérna

virðilega að nota þjónustuna og annað. Auðvitað yrði það valið mitt. En ég held að þú getur aldrei haft það og sloppið við hitt. Þannig að það er eiginlega ekki hægt að svara þessari spurningu því hún er jákvæð öðrum megin og neikvæð hinum megin. (Í1)

Sjálfbærni hefur þessar þrjár stoðir. Félagslega hliðin – ef hlutirnir væru eitthvað í líkingu við að sem var síðasta sumar, þá var það mjög sjálfbært. Það að fólk sem ferðast hingað, er hérna og nýtir sér þjónustuna dregur ekki úr lífsgæðum neins. Ég hugsa að á margan hátt gæti það aukið þau. Efnahagslega hef ég ekki hugmynd. Umhverfislega, líklega nokkuð gott, vegna þess að þetta fólk fer hægt yfir. Svo ef við erum að tala um íslenska ferðamenn, þá held ég að það sé mjög gott menningarlega að fleiri Íslendingar ferðist og heimsæki aðra landshluta. Fyrir utan að það er ekki þessi útblástur í alþjóðlegu flugi ef fólk ferðast innanlands. [...]Félagslega séð var það sjálfbært. Ég held samt að það hafi enginn verið raunverulega að bera einhvern skaða af skipakomunum. Það voru allir bara þínu pirraðir. (Í11)

Hugmyndir um stýringu og skipulag

Í viðtölunum var óskað eftir hugmyndum Ísfirðinga um það hvernig þeir sæju fyrir sér ferðabjónustu í framtíðinni á Ísafirði og hverju þeir myndu vilja breyta til að auka ánægju íbúa, fengju þeir að ráða. Þrjú meginstef komu fram í sýn Ísfirðinga um skipulag og stýringu ferðabjónustunnar: 1) Stýring á komum skemmtiferðaskipa, 2) Áhersla á uppbyggingu innviða og verndun umhverfisins og 3) Nýir ferðamenn.

1. Stýring á komum skemmtiferðaskipa

Eins og fram hefur komið upplifðu Ísfirðingar bæinn án skemmtiferðaskipa í fyrsta sinn í mörg ár. Nokkrir viðmælendur töluðu um að hvíld frá ferðamönnum hefði verið óvænt en þeir væru tilbúnir til að á móti ferðamönnum á ný, þar með talið farþegum af skemmtiferðaskipum.

Já ég er tilbúin í það [...] það var ágætt að fá þetta sumar. [...] Fengum við ekki bara smá pásu og svo flæðir þetta yfir aftur? (Í1)


Já ég hlakka til. Þetta setur svip á bæinn og gaman að sjá fólk á götunum sem venjulega eru tómar. (Í9)

Tæplega 80% svarenda á Ísafirði sögðust einnig hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í heimabyggðina (mynd 14) og jókst tilhlökkunin marktækt með hækkingu aldri svarenda og ef svarendur störfuðu í ferðabjónustu. Í viðtölunum var því velt upp hvernig það yrði ef skipin kæmu ekki aftur þar sem sumarið 2020 opnaði á þann möguleika að það gæti verið hægt að vera án skipa.

Við vorum öll orðin vön því að skemmtiferðaskipin væru hluti af sumrinu. Nú erum við búin að sjá að það þurfti ekki. (Í11)

Sviðsmyndin um Ísafjörð án skemmtiferðaskipa þótti afar ólíkleg enda var flestum ljóst að unnið væri markvisst að því af hálfu sveitarfélags eða hafnarinnar að stuðla að áframhaldandi skipakomum næstu árin. Verulegar tekjur væru í húfi.

Þetta hefur klárlega áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Þetta er stór hluti af því að samstæðan er með alveg svakalegu tapi núna. [...] Bara eins og alls konar áföll þá hlýtur sveitarfélagið alveg að geta komist í gegnum svona tekjufall eitt ár eða eitthvað svoliðis þannig að það myndi alveg hafa veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins ef þetta yrði eitthvað langtíma ástand til einhverra ára. (Í8)



Mynd 14 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir

Margir gátu ekki hugsað sér Ísafjörð án skemmtiferðaskipa en voru efins um að þeir væru reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru fyrir faraldurinn þegar orðnar þreytandi, bæði í samhengi við fjölda og mengun frá skipunum.

Æi, þetta er svo ýkt. Annað hvort er enginn í bænum eða 6000 manns. Kannski að fara einhverja millileið. Að hafa eitthvað fólk en kannski ekki þannig að þú nennir ekki að fara í búð út af því að maður veit að það eru bara allir þar, eða margir. (Í4)

Af hreinni eigingirni þá myndi ég alveg vilja það ef skipin kæmu aldrei aftur. En á heildina lítið, ef það er betra fyrir bæinn og fólk hefur ánægju og vinnu af því þá get ég alveg höndlað smá þirring í 20 daga af sumrinu. Ég hugsa samt að verði styttra í þirringinn en áður. (Í11)

Almennt bara vil ég losna við skemmtiferðaskipaiðnaðinn af heimshöfunum alveg eins og ég vil líka losna við að fólk fljúgi í leikhúsfarð til London fyrir eitt kvöld og allt þetta rugl. En í litla samhenginu, backyard-samhenginu þá vil ég alveg hafa þau. Á meðan heimurinn er svona þá skulum við bara hafa not af honum. Eins gott að við cösh-um inn eitthvað svo einhverjir aðrir gera það ekki. Það eru hvort sem er að sigla skip. Ég vil absolút að þetta verði þróað í sátt og líka að þessi iðnaður verði ekki svona ógeðslegur en það á líka við um fullt af ógeðslegum iðnaði sem er stundaður í heiminum. (Í8)

Viðmælendur veltu fyrir sér þolmörkum samfélags og innviða og voru efins um að hægt væri að fjölga skipum endalaust, það þyrfti að finna jafnvægi. Óskir viðmælenda um takmarkanir á skipakomur voru skýrar.

Bara alls ekki hafa svona mörg á einum degi. Það mundi vera betra. (Í3)

Kannski bara að minnka skemmtiferðaskipin aðeins. Það eru alveg tvö eða þrjú á dag alveg endalaust. Fólk er ekkert svakalega spennt fyrir því að hafa mjög mörg skip alltaf. Það þyrfti eitthvað að breytast þar. (Í4)

Þegar það koma kannski tvö, þrjú skip í einu þá er þetta bara rosalega margt. Stundum kannski á virkum dögum kemur kannski eitt passlegt skip og eitthvað svona. En það var alltaf að aukast frá sumri til sumars og manni finnst einhvern veginn: „Bíddu var ekki farið að tala um það fyrir löngu síðan að þetta væri orðið of mikið?“ (Í10)

Ég held nú að innviðirnir hérna beri ekki allt þó að mér líki vel að sjá hópinn. Þá hef ég nú trú á því að innviðir þessara fyrirtækja beri ekki það að taka 1000 í einu, eða hvað það er. Það þarf að vera sterkara að minu

viti, þó að það hafi alltaf verið uppbygging fram að þessu. Ef þú ferð að setja skorður þá fækkarðu skipunum sjálfkrafa. Það gerist bara, þetta leitar jafnvægis á einhvern hátt. (Í6)

Auðvitað það sem þarf hér er að hafa einhverjar reglur í kringum skipin. Það hefur verið umræðan. Að hafa að það séu bara max þetta á dag, að það sé eitthvað max. Það hefur bara alltaf verið sagt já. (Í7)

Þeir sem skipulegðu komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar væru ekki í öfundsverðri stöðu. Óljóst var að hve miklu leyti hægt væri að stýra skipakomum til Ísafjarðar og erfitt væri ef hagsmunir hafnar og bæjarbúa færu mögulega ekki saman.

Til dæmis suma daga koma alveg þrjú og upp í fimm skip en aðra daga koma engin. Það er kannski erfitt að skipuleggja það alveg rosalega mikið. (Í5)

Kannski mætti skoða hvort það er vit í því fyrir höfnina að segja nei við einhverja. Höfnin er bara að hugsa um hafnargjöldin þannig að þau eru í vondri aðstöðu, eða gegn þeirra hagsmunum að segja nei. [...] Mér finnst eins og það sé þannig að það á bara að taka við öllum sem bóka. Einhvern tímann finnst mér ég hafa heyrt að það má ekki segja nei við einhverju, hvort það sé hræðsla við að missa þau viðskipti eða hvort einhvern veginn þau hafi sjálfstraust til að, bara þora að treysta því að maður mun hafa eitthvað að gera þó maður segi nei við einhverja. (Í10)

Það togast alltaf á hagsmunir hafnarinnar og hafnarsjóðs og kannski íbúanna. Það eru kannski skiptar skoðanir á því en mér fyndist allt í lagi ef það væri eitthvað þak. (Í9)

Hugsanlega væru þolmörk íbúanna í tengslum við hversu marga sé hægt að þjónusta í bænum á sama tíma.

Tonnin skipta kannski ekki alveg málin en það er fjöldinn. Erum við að anna þeim? Innviðirnir og fjöldinn sem er að koma per dag? Það eru alltaf bara þessir vissu dagar. Það eru þolmörkin. [...] Ef það fer yfir það að það sé hægt að þjónusta það þá fer overflowið að verða eins og útgangs út um allt og þá fara íbúarnir að verða pirraðir. (Í7)

2. Áhersla á uppbyggingu innviða og verndun umhverfisins

Náttúra Vestfjarða var að margra mati eitt öflugasta aðdráttarafi svæðisins. Talað um náttúruna og svæðið í heild sem perlu sem ekki væri búið að uppgötva. Í því fælust tækifæri í ferðaþjónustu.

Varðandi svæðið í heild sinni þá erum við held ég að svolítið perlan sem ekki allir búnir að uppgötva. Ég held að tækifærin okkar felist í því að það er ekki búið að uppgötva okkur og það ekki orðið of seint að stýra túrismanum hjá okkur, að það verði ekki allt trampað niður og eyðilaggt af ágangi. (Í1)

Ein af neikvæðustu hliðum ferðaþjónustunnar að mati Vestfirðinga hefur tengst almennum sóðaskap og ágangi á náttúru eins og fram hefur komið. Nokkrir viðmælendur vildu sjá aukna áherslu á verndun viðkvæmra svæða. Í kórónuveirufaraldrinum hafi sum svæði, sem áður voru fjölsótt og höfðu látið á sjá, náð að jafna sig svo eftir var tekið. Gaf það von um að breytingar væru mögulegar.

Það verður að passa það að náttúran skemmist ekki. (Í9)

Við verðum að takmarka ágang á svæði. Við erum strax farin að sjá grasið gróa til dæmis inni í Tunguskógi þar sem tjaldsvæðið okkar er eftir þetta sumar. Það var mun fallegra þetta sumarið heldur en það síðasta, vegna þess að eru rútur að stoppa, hleypa fólki út. Það labbar um allt, þar eru engir svona góðir stígar fyrir það til að labba eftir. Það er takmarkað. Og þá er troðið yfir, við verðum bara að horfast í augu við það. (Í1)

Til að vernda umhverfið og takmarka ágang þurfi að fara í framkvæmdir og bæta innviði, bæði innanbæjar og utan.

Þeir vilja alveg ferðamenn alveg en ekki allt sem fylgir þeim. Skítinn undan skónum, klósettappírinn úti í náttúrunni. (Í6)

Það er alveg hægt að gera betur þar, jafna það út og eitthvað svoleiðis. En ef það verður mikið meira þá þurfa innviðirnir að fylgja með vegna þess að ef þeir breytast ekki þá fer þetta neikvæða að koma miklu meira fram. (Í7)

Margt var búið að bæta svo eftir var tekið enda var búið að leggja ýmsar framkvæmdir í bænum til að stýra umferð og takmarka ágang.

Kannski hefur það einhver áhrif að manni finnst meira verið gert í sambandi við bekkir og ruslafötur. Og stígar. Það er búið að vera mikið

átak í stígagerð. Ég er viss um að þetta hefur haft áhrif, aukin ferðamennska, að það sé svona mikið fólk hérna að rölta hérna um og skoða. (Í3)

Ég hugsa að mér mundi líða best ef að þau svæði sem heilla túristann yrðu betur skipulögð. Að það yrði komið upp klósettum í minni heimabyggð sem fólkið getur farið á. Ég mundi vilja sjá áframhaldandi gerð stíga. Ég mundi vilja sjá merkingar þar sem er óskað eftir því að fólk fari ekki út af stígum og ég mundi vilja sjá til dæmis tjaldsvæði stækkuð til þess að það sé hægt að halda þeim mjög snyrtilegum. (Í1)

Í umræðu um innviði í landi veltu sumir viðmælendur því fyrir sér að hve miklu leyti hafnaryfirvöld kæmu að uppbyggingu þeirra og fjármögnun. Eins og sakir stæðu gæti Hafnarsjóður ekki fjármagnað framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Ég sem íbúi á Ísafirði vil ekki nota útsvarið mitt í að búa til þessa stíga af því að við þurfum að nota það í skólur og annað. Ég vil ekki borga fyrir massatúrisma sem á að koma með fullt af peningum inn í Hafnarsjóð, þá á Hafnarsjóður að sjálfssögðu, að hluti af þeim gjöldum á þá að fara í þetta, að mínu mati. (Í1)

Nokkrir viðmælendur komu inn á mengunarmál í tengslum við skemmtiferðaskipin en óvissa var um hve mikil mengun kæmi frá skipunum og hvaða áhrif það hefði.

Skipin eru falleg en það er kannski galli að þau eru í gangi allan daginn og menga. Það liggur oft mengunarský yfir. Það er eitthvað sem þarf að reyna að leysa. Ég veit ekki hvernig en það er náttúrulega stór galli. Á svona kyrrum og fallegum sólardögum þá sér maður alveg skýið. (Í9)

Það hefur verið rosalega mikil umræða um þessa mengun. Mér finnst einhvern veginn sjálfri svo óljóst hvað þau eru að menga mikið. Sumir segja að þetta sé svartolía sem er ógeðsleg meðan aðrir einhvern veginn segja: „Nei, það er ekkert svo mikið“. Ef þau eru að menga ógeðslega mikið hérna inni í þessum þröngum firði þá bara finnst mér það ömurlegt. Ég mundi vilja fá að vita meira um það. Er þetta að hafa einhver langvarandi áhrif á gróður og ég tala nú ekki um líf, bæði skepnur og mannlíf? (Í10)

Almenn ánægja var með úrbætur í vegamálum á Vestfjörðum þótt sumir hafi verið á því að ýmislegt mætti betur fara. Nýju Dýrafjarðargöngin voru talin vera mikilvæg samgöngubót sem opni á nýja Vestfjarðarleið; nýja möguleika fyrir íbúa og

ferðamenn og gæti orðið til þess að ferðir að Dynjanda verði í boði fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Svæðið verði ein heild.

Samgöngumálin eru eitthvað sem skipta rosalega miklu máli fyrir þróun ferðaþjónustunnar hérna og sérstaklega yfir vetrartímann. Göngin sem var verið að opna eru upphafið hugsanlega að því að opna á allt annan veruleika fyrir ferðaþjónustuna og þá að lengja tímabilið og allt það. En göngin hafa í rauninni enga þýðingu þegar það er ekki búið að taka Barðaströndina og búið að klára alla leið og Dynjandisheiðina og Teigsskógsleiðina og allt það. En það er bara á áætlun núna, loksins, eftir langa mæðu. (Í8)

Svo þegar er búið að laga veginn yfir Dynjandisheiðina og vegina á Suðurfjörðunum að þá verður þægilegra að ferðast um. Þá verður svæðið meira ein heild. (Í9)

Dýrafjarðargögn tengja betur Suðurfirðina. Þetta er mjög ósnortin náttúra hérna og ofboðslega fallegt. Manni finnst svona eins og ferðamennirnir þeir eru svolítið í Gullna hringnum fyrir sunnan og allt þetta. Og maður skilur það alveg. Þetta er stutt og þægilegt. (Í3)

Samgöngur eru fyrir okkur á Vestfjörðum eru mjög mikilvægar, við erum það afskekkt. Fyrir túrista líka. Að við séum með vegi sem eru í lagi og það er alveg að verða búið, það eru nokkrir tálmar ennþá. Við erum bara með há fjöll, aurflóð og snjóflóð. Við þurfum á göngum að halda til þess að komast leiðar okkar. (Í1)

Sumir viðmælendum þótti upplagt að skapa upplifanir fyrir ferðamenn í tengslum við menningu og sögu svæðisins eða hefðbundnari atvinnuvegi svæðisins.


Það hefur til dæmis verið á Suðureyri verið að reka svona, fólk kynnist svolítið fiskiðnaði, sjávarútvegi eða þannig. Ég held að það sé bara svo margt svoleiðis sem okkur þykir kannski rosalega hversdagslegt. Maður hefur farið í svona sýningartúra á alls konar staði og eitthvað svona. Ef það er sagt skemmtilega frá og þetta er gert vel þá er það skemmtilegt og skiptir eiginlega engu máli hvað það er. Það getur verið annað hvort verið eitthvað sem er núna eða eitthvað sem var gert og þá gert í samvinnu við söfnin og eitthvað svoleiðis, sem ég veit að mundu alltaf vera til í eitthvað. (Í10)

Það mun hefjast uppbygging inni í Ísafjarðardjúpi á laxeldi og kannski verður það aðdráttarafi á einhvern hátt fyrir ferðamenn að koma og skoða laxeldi. Það er það sem við höfum. Við förum í viskiverksmiðjur og leðurverksmiðjur og glerblástur og nefndu það. Af hverju ekki að skoða laxeldi? (Í6)

3. Nýir ferðamenn

Tæp 80% svarenda á Ísafirði voru á því að þörf væri á áframhaldandi markaðssetningu heimabyggðarinnar til að laða að fleiri ferðamenn og var hlutfall þeirra sem svo sagði langhæst á Ísafirði samanborið við hin rannsóknarsvæðin þrjú (mynd 15). Á Ísafirði voru einstaklingar í ferðaþjónustu líklegri en þeir sem ekki störfuðu í ferðaþjónustu að taka afstöðu með áframhaldandi markaðssetningu. Konur voru ólíklegri en karlar til að vera fylgjandi markaðssetningu.

Ég held að það sé mikið meira pláss hérna ef þú kannski tekur skemmtiferðaskipin út fyrir jöfnuna þá er alveg hellings pláss fyrir vöxt. (Í9)



Mynd 15 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir

Skiptar skoðanir voru meðal svarenda símakönnunarinnar á Ísafirði á því hvort það ætti að fá fleiri erlenda ferðamenn á svæðið heldur en fyrir kórónuveirufaraldurinn (mynd 16). Karlar, einstaklingar sem störfuðu í ferðapjónustu og háskólamenntaðir voru líklegri en aðrir hópar á Ísafirði til að vilja fá fleiri erlenda ferðamenn. Um helmingur svarenda taldi æskilegt að fjölga hópferðamönnum, þar með töldum farþegum af skemmtiferðaskipum. Enginn marktækur munur var á svörum mismunandi hópa á Ísafirði í viðhorfum til fjölgunar hópferðamönnum.

Í viðtölunum var bent á að kórónuveirufaraldurinn hefði getað fært nýjan hóp ferðamanna vestur og það gæti mögulega átt eftir að gerast.

Mér hefur komið það dálítið á óvart í raun og veru að það hafi engir hér, frekar en annars staðar þar sem er meiri infrastrúktúr, að það hafi enginn gripit það tækifæri að fá fólk í lengri dvalir. Sem sagt, heimavinnufólkið sem hefur ekki átt þess kost að ferðast, segja þeim að koma hingað, þau fái skrifstofuáðstöðu og internet og svo getum við boðið þetta og þetta og þetta. Komið hérna og vinnið og leikið ykkur í tvo mánuði eða eitthvað. [...] Þetta væri tækifæri, svona búsetuferðamennsku eða digital nomads eða eitthvað þannig út af því að það er búið að færa störfin hvort eð er inn á heimilin og þá geturðu alveg eins verið einhvers staðar annars staðar í heiminum. (Í8)

Langflestir, eða 91% svarenda gátu hugsað sér að fá fleiri íslenska ferðamenn á svæðið (mynd 16) og var fólk sem starfaði í ferðapjónustu líklegast til að vera á þeirri skoðun. Jafnmörgum (91%) þótti æskilegt að fá fleiri ferðamenn á veturna. Marktækur munur var á svörum eftir og hvort við komandi starfaði í ferðapjónustu.

Þetta rímar vel við það sem fram kom í viðtölunum. Talað var um að auka mætti við áherslur ferðapjónustu að vetri til og þótti mörgum vera tækifæri í að fá fleiri ferðamenn vestur á skíði þrátt fyrir áskoranir í samgöngum. Viðmælendur vissu að Hótel Ísafjörður hafði boðið upp á gönguskiðanámskeið sem íbúum þóttu spennandi. Talið var að Dýrafjarðargöngin og aðrar samgöngubætur gætu dregið úr hindrunum í uppbyggingu vetrarferðapjónustu.


Alveg undir það síðasta þá var orðin smá vetrarferðamennska líka, svona sýnileg. Auðvitað er samt rosalega mikið challenge í vetrarferðamennskunni út af samgöngum. Sérstaklega út af því að vetrarferðamennskan gengur út á styttri stopp. Þá eru dagarnir óöruggir í ferðalögin sem getur verið þróunarmatískt. En þá er ég að tala um síðasta

vetur og veturinn þar á undan fyrir COVID þá var þetta líka svolítið mikið innlend ferðamennska, helgarferðamennska í kringum sérstaklega skíðamál. (Í8)

Núna á Ísafirði og síðasta vetur þá eru gönguskiðanámskeið hjá hótelinu. Þá erum við að fá Reykvikingana, Íslendingana, sem eru að koma. Það er flugið sem kemur beint hingað. (Í7)


Það eru tækifæri hérna í skíðamennsku. Stundum koma hópar á veturna til að fara á námskeið [...] en ferðin hingað vestur og til baka getur verið krefjandi. (Í11)

En þetta snýst líka bara um samgöngur. Ég myndi vilja betri samgöngur hingað vestur þannig að fólk eigi ekki í hættu á að lenda í snjóflóði eða aurskriðu eða eitthvað þegar það ætlar að keyra Súðavíkurhlíðina til dæmis. Auðvitað háir þetta okkur, bara náttúran. (Í3)



Mynd 16 Afstaða Ísafirðinga til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri

Eitt af stærstu tækifærunum sem viðmælendur sáu fyrir Ísafjörð og nærliggjandi svæði fólst í innlendum ferðamönnum. Eftir sumarið 2020 höfðu viðmælendur góða reynslu af innlendum ferðamönnum eins og fram kom hér að framan og var ánægja með þau ferðaþjónustufyrirtæki sem höfðu aðlagð vörur og þjónustu að innlendum markaði. Þá höfðu nær allir viðmælendur farið í lengri eða styttri ferðir innanlands um sumarið, kynnst ferðaþjónustu í öðrum landshlutum og verið ánægðir. Í símakönnun kom fram eindreginn vilji íbúa á öllum rannsóknastöðunum fjórum fyrir því að íslensk stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (mynd 17). Á Ísafirði voru konur og þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu marktækt líklegastir til að vera fylgjandi aðgerðum stjórnvalda til að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land.



Mynd 17 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land

Áherslan á innlenda ferðamenn var skýr meðal viðmælenda á Ísafirði.

Það er kannski að fókusera meira á íslenska ferðamenn. Þeir hafa verið að reyna það aðeins. Skútuferðir á Hornstrandir í sumar, hlaupaferðir og svona. Það var verið að bjóða Íslendingum í það sem hefur verið eiginlega algjörlega útlendingar. (Í3)

Mér finnst sniðugt að fólk byrjaði að auglýsa meira og byrja að fá fólk sem býr ekki hérna og eru Íslendingar til að koma hérna. Mér fannst það sniðugt. (Í4)

Mér fannst frábært að fá svona mikið af Íslendingum vegna þess að sumir í Reykjavík vita ekki hvar Ísafjörður er. Það er bara staðreynd, því miður. [...] Við vorum dugleg í COVID að auglýsa fyrir Íslendinginn að sækja Ísland heim. Og það virkaði. Af hverju getum við ekki haldið því áfram? (Í1)

Jú kannski fleiri Íslendinga. Þeir eru ekki nógu duglegir að koma hingað. Það voru mjög margir í sumar sem ætluðu að fara á Vestfirðina í fyrsta sinn. Maður heyrði það að þeir ætluðu. Að Vestfirðir eru einhvern veginn svona... það er síðasta vígið. Og kannski Austfirðirnir. Af því að þetta er langt. Það er ennþá fólk þarna úti sem heldur að það sé ekki malbikað alla leið til Reykjavíkur. Það eru 10-15 ár síðan það var komið. En reyndar, ef þú ferð hina leiðina þá eru malarvegir. Það er kannski að rugla, ég veit það ekki. Það er skemmtilegt orðatiltæki að það er lengra frá Reykjavík til Ísafjarðar heldur en frá Ísafirði til Reykjavíkur. Það segir svolítið margt. (Í3)

Nokkrir viðmælendur veltu því fyrir sér hvort kórónuveirufaraldurinn myndi leiða til breytinga á því hvernig fólk ferðaðist í framtíðinni. Einhverjar breytingar gætu orðið á því hvernig fólk mun umgangast hvert annað og sóttvarnir verði eflidar.

Þetta er kannski bara mjög stór spurning í ferðamenskunni hvort að fólk sé bara að halda áfram eins og við vorum fyrir fram, allir verði utan í öllum og allt þetta eða hvort fólk sé að fara fá meira persónulegt pláss, sóthreinsi meira og þrifi meira og þannig fattarðu. (Í5)

Allt fari það þó eftir því hvernig heimsfaraldurinn þróist. Sumir veltu því fyrir sér hver staða Íslands verði í ferðamálum þegar landið verði svo til laust við COVID-19, öruggur áfangastaður. Það gæti orðið til að vekja athygli á landinu og laða ferðamenn til landsins.

Kannski munu fleiri velja Ísland út af því að við erum veirufrí. (Í6)

Ísland er að koma nokkuð vel út úr COVID þannig að ég held að það sé kannski að fara að verða meiri athygli á Íslandi fyrir ferðamenn mögulega eftir COVID heldur en það var fyrir. [...] Ef ferðamenn eru að horfa á hvert þeir ætla að ferðast þá, ætlaðu að ferðast til lands sem er með 100.000 smit á dag eða ætlaðu að ferðast til lands með 0 smit á dag? Það er mín spurning. (Í5)

Sumir vonuðu að kórónuveirufaraldurinn myndi almennt verða til þess að fólk hæðði á sér í ferðalögum; farnar yrðu færri og lengri ferðir en áður.

Maður eiginlega vonar að fólk læri þínu af því og bara frekar að njóta og leiti meira í einhverja upplifun. Það eru allir búnir að vera lokaðir inni og allir vilja fá að gera eitthvað“ (Í7)

Ég mun ekki rjúka í sumarfrí eða niður á Kanarí um veturinn eða whatever, bara út af því að það er opið núna. [...] Ég held að ég muni vanda mig við ferðaval í framtíðinni. Ég held að það verði svoleiðis um fleiri. (Í6)

COVID er auðvitað hræðilegt en ég held að það hafi hjálpað mörgum að fá nýtt sjónarhorn. Fólk geri sér betur grein fyrir að við getum hægt á hlutunum. Sérstaklega með ferðalög. Ef við gætum fengið þá sem eru að koma hérna við í 6 klukkutíma stoppi til að vera hérna í tvær vikur þá held ég að það væri gott fyrir bæinn, gott fyrir ferðamennina og bara gott fyrir alla. (Í11)

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu eftir COVID-19

Til að kanna nánar viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu í heimabyggðinni eftir að kórónuveirufaraldurinn lýkur var gerð sameiginleg þátta- og aðhvarfsgreining á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknastöðunum fjórum; þ.e. 101-Reykjavík, Mývatni, Höfn og Ísafirði. Spurningar sem voru í formi fullyrðinga og mældu viðhorf einstaklinga til ferðapjónustu og ferðamanna í heimabyggð eftir COVID-19 lýkur voru þáttagreindar. Fullyrðingarnar voru allar á 5-punkta viðhorfskvarða þar sem gildið 1 táknaði mjög ósammála og gildið 5 táknaði mjög sammála. Til að kanna hvort forsendur væru fyrir þáttagreiningu var gert KMO-próf sem gaf niðurstöðuna 0,812. Fylgni var mæld með Bartlett's-prófi, ρ-gildi var 0,000 og var hún marktæk; því voru forsendur til staðar fyrir

þáttagreiningu. Dregnir voru út 2 þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum og skýrðu þessir þættir 58,3% af heildardreifingu svara. Notaður var hornréttur snúningur (Varimax with Kaiser Normalization). Í fyrri þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna að faraldurinum loknum. Í seinni þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf til mikilvægis ferðapjónustunnar. Í töflu 4 má sjá þær spurningar sem hlóðust á þættina og þáttahleðslur þeirra (e. *factor loadings*).

Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur

Staðan eftir COVID-19	Þættir	
	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu
Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð	0,383	
Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn	0,745	
Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,731	
Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,662	
Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna	0,573	
COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu		0,816
Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðapjónustan nái fyrri styrk		0,742

Tafla 5 sýnir alfastuðla þáttanna en stuðullinn gefur til kynna hvert samræmið sé á milli svara einstaklinga við spurningunum í hvorum þætti.

Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna

Þáttur	Alfastuðull
Viðhorf til fjölda ferðamanna	0,736
Viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu	0,605

Út frá þessum þáttum voru útbúnir mælikvarðar á grundvelli þáttanna. Þetta var gert með því að leggja saman spurningarnar sem hlóðust á hvern þátt og deila með fjölda þeirra. Mælikvarðarnir voru á bilinu 1-5 þar sem 1 táknaði þá sem höfðu mjög neikvæð viðhorf og 5 táknaði þá sem höfðu mjög jákvæð viðhorf. Tafla 6 sýnir lýsandi tölfræði fyrir þættina.

Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Viðhorf til fjölda ferðamanna	1166	1	5	3,717	0,779
Viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu	1213	1	5	4,472	0,691

Meðaltal fyrir viðhorf til mikilvægis ferðabjónustunnar var nokkuð hátt og sýnir jákvæð viðhorf íbúa á stöðunum fjórum til mikilvægis ferðabjónustunnar að loknum heimsfaraldri. Meðaltal fyrir viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 var 3,7 sem einnig sýnir jákvæð viðhorf íbúa. Niðurstöðurnar sýna þó að íbúarnir voru jákvæðari gagnvart mikilvægi ferðabjónustu í heimabyggðinni en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19.

Til að meta tengsl milli bakgrunnspátta og viðhorfa íbúa þegar öðrum breytum var haldið stöðugum var gerð línuleg aðhvarfsgreining á hverjum stað fyrir sig. Kannað var hvaða tengsl væru milli tiltekinnna breyta á áhrifum á þættina þegar tekið var tillit til kyns, menntunar, aldurs, búsetu, lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði og

hvort þeir störfuðu í ferðabjónustu. Í töflu 7 má sjá niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar fyrir Ísafjörð á viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðabjónustu eftir COVID-19 en engin tengsl fundust milli kyns, menntunar, aldurs, lengd búsetu og stöðu á vinnumarkaði.

Í greiningunni fékk viðmiðunarhópurinn gildið 0 og var ANOVA-próf notað til að meta marktæk áhrif. Í töflunni má sjá að munur var á svörum viðmiðunarhópanna á Ísafirði. Ísafirðingar voru að jafnaði með hærra meðaltal en íbúar á hinum rannsóknastöðum þremur á kvarða yfir viðhorf til fjölda ferðamanna. Það þýðir að íbúar á Ísafirði voru jákvæðari í viðhorfum til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 en á íbúar á hinum stöðunum. Meðaltal Ísafirðinga á kvarða yfir viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu var tiltölulega hátt en þó marktækt lægra samanborið við svör íbúa á Höfn og við Mývatn. Það þýðir að viðhorf íbúa við Mývatn og á Höfn til mikilvægis ferðabjónustu voru jákvæðari en íbúa á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Fólk sem starfaði í ferðabjónustu var jákvæðara í viðhorfum til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðabjónustu eftir COVID-19 en þeir sem ekki störfuðu við ferðabjónustu.

Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðabjónustunnar á Ísafirði

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðabjónustu eftir COVID-19*		
	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu
Búseta (Ísafjörður=0)	4,056	4,386
101 Reykjavík	-0,627**	-0,056
Mývatn	-0,377**	0,256**
Höfn	-0,376**	0,284**
Starfar ekki í ferðabjónustu (Ísafj.)=0	4,002	4,340
Starfar í ferðabjónustu (Ísafj.)	0,402**	0,344**

*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð viðhorf; 5=mjög jákvæð viðhorf
**p>0,005

SAMANTEKT

Í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins tóku Ísfirðingar lítið eftir fækkun ferðamanna og kann engan að undra þar sem bylgjan kom upp á tíma þegar ferðamenn eru vanalega fáir á Vestfjörðum. Í ofanálag voru strangar samkomutakmarkanir í gildi á Ísafirði þar sem kórónuveiran lék samfélagið þar grátt. Það hægðist á taktinum í daglega lífinu en þegar frá leið var bærinn tómlegri en áður. Ferðaþjónustan var íbúum ekki efst í huga fyrst um sinn og áhyggjur í faraldrinum tengdust ekki atvinnugreininni. Þó svo ferðaþjónusta hefði verið mikilvægur vaxtarsproti þá mátu Ísfirðingar hana ekki sem eina af undirstöðu atvinnugreinunum bæjarins. Það hafi því ekki haft áberandi afleiðingar fyrir samfélagið að ferðaþjónustan hefði tekið á sig alvarlegt högg í kórónuveirufaraldrinum og staða annarra atvinnugreina á Ísafirði væri áfram sterk. Viðmælendur höfðu hvorki orðið fyrir tilfinnanlegri tekjuskerðingu né orðið varir við aukið atvinnuleysi í faraldrinum. Þeir þekktu fá dæmi þess að fólk hefði misst vinnuna vegna faraldursins þó svo verkefnum hefði fækkað. Fram kom þó að ungt fólk hafi haft færri tækifæri en áður til að komast að í sumarstörfum í ferðaþjónustu og að erlent (sumar)starfsfólk í ferðaþjónustu hefði ekki komið vestur til að vinna. Hlutfall svarenda sem taldi COVID-19 ekki hafa haft áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna var mun hærra á Ísafirði en á hinum rannsóknastöðunum þremur. Aðhvarfsgreining sýndi þó að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga sem störfuðu í ferðaþjónustu voru neikvæðari en á tekjur einstaklinga í öðrum atvinnugreinum.

Meirihluti Ísfirðinga kvaðst ekki hafa fundið fyrir skerðingu á þjónustu í bænum vegna fækkunar ferðamanna. Tengingar milli framboðs þjónustu á svæðinu og ferðaþjónustu voru ekki endilega augljósar fyrir faraldurinn og ekki væri auðvelt að greina á milli hvort breytingar í þjónustu væru vegna faraldursins eða fækkunar ferðamanna þó svo að COVID-19 hefði verið samnefnarinn. Í vissum skilningi fannst Ísfirðingum þeir fá ýmsar nýjungar í þjónustu s.s. í tengslum við afgreiðslu veitingastaða á mat út úr húsi og betra viðmót í netverslun en þekktist áður. Fækkun áætlanarferða í innanlandsflugi í faraldrinum bitnaði á íbúum sem mest þurftu á þeim að halda s.s. vegna læknisheimsókna í höfuðborginni.

Ein af stærstu breytingunum sumarið 2020 var að skemmtiferðaskipin komu ekki til Ísafjarðar. Hluti bæjarbúa upplifði í fyrsta skipti sumar án skipa í bænum. Um helmingur svarenda símakönnunarinnar kvaðst hafa saknað skipanna af Pollinum en margir voru hvíldinni fegnir. Sumir höfðu samviskubít yfir því að hafa verið fegnir enda var íbúum fullljóst að Ísafjarðarhöfn yrði af miklum tekjum vegna skipanna og að það hefði afleiðingar fyrir bæjarsjóð. Bærinn var engu að síður líflegur um sumarið og voru innlendir ferðamenn mjög áberandi á svæðinu íbúunum til mikillar ánægju.

Ísfirðingar voru á einu máli um að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðinu. Þeir höfðu ekki gleymt í faraldrinum hvað þeim þótti jákvæðast og neikvæðast við ferðamenn og ferðaþjónustu og voru ekki neinum í vafa um mikilvægi þess að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum. Meirihlutinn var fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Viðtölin staðfestu þetta en þau drógu fram að umræða um sjálfbærni og ánægju íbúa væri ekki einföld þar sem upplifun af ferðaþjónustu vegna skipanna fyrir faraldurinn og upplifun af annarri ferðaþjónustu var of ólík til að hægt væri að ræða hana undir sömu formerkjum. Undanfarin ár hefur hluti Ísfirðinga fundið fyrir álagi vegna mikils fjölda fólks í bænum á þungum skipadögum. Þótt fæstir hefðu viljað sleppa skemmtiferðaskipunum vildu margir velta því alvarlega upp hvort það sé endalaust hægt að taka á móti fleiri og stærri skipum. Í viðtölunum kom fram efi um að Ísfirðingar væru almennt reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru í bænum fyrir faraldrinum á stóru skipadögunum og voru orðnar þreytandi. Mikilvægt væri að finna jafnvægi í fjölda skipa og farþega sem íbúarnir geti lifað við. Í viðtölunum kom þó fram skilningur íbúa á að skipuleggjendur móttöku skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar væru ekki í öfundsverðri stöðu þar sem óljóst væri hvernig stýra mætti skipakomum ef hagsmunir hafnar og íbúa færu mögulega ekki saman.

Ísfirðingar voru bjartsýnir á framtíðina og voru jákvæðir í viðhorfum gagnvart mikilvægi ferðaþjónustunnar í heimabyggð eftir COVID-19. Jafnframt voru íbúar á Ísafirði jákvæðari í viðhorfum til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar á hinum rannsóknarstöðunum þremur. Meirihluti Ísfirðinga hlakkaði til að fá erlenda ferðamenn aftur og var á því að markaðssetja þyrfti heimabyggðina til að laða að fleiri ferðamenn. Fyrir utan farþega af skemmtiferðaskipum fór minna fyrir öðrum erlendum ferðamönnum fyrir faraldurinn og töldu íbúar að pláss væri fyrir fleiri. Auk þess sáu Ísfirðingar fyrir sér tækifæri bæði í því að fá fleiri innlenda ferðamenn á svæðið og í meiri áherslu á ferðaþjónustu að vetri þrátt fyrir áskoranir í samgöngum.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Áhrif fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins vorið 2020 voru mismunandi á stöðunum fjórum. Á Ísafirði var staða ferðaþjónustunnar ekki ofarlega í huga íbúanna; fækkun ferðamanna vakti raunar litla eftirtekt þar sem fyrsta bylgja kom upp á tíma þegar ferðamenn eru vanalega fáir á Vestfjörðum. Í miðborg Reykjavíkur, fjölmennasta ferðamannastað landsins, komu áhrifin hratt fram þegar ferðamönnum fækkaði skyndilega og veitinga- og skemmtistöðum var lokað. Í Mývatnssveit, þar sem ferðaþjónustan hafði á fáum árum orðið að undirstöðuatvinnugrein sveitarinnar, dróst umferð hratt saman og fyrirtækjum var lokað. Það þótti þó í fyrstu ekki óvenjulegt að loka fyrirtækjum tímabundið þar sem Mývetningar voru vel kunnugir ástríðabundnum rekstri í ferðaþjónustu. Á Höfn, þar sem vetrarferðaþjónusta hafði blómstrað, var íshellaferðatímabilið í fullum gangi og bundu margir vonir við að faraldurinn yrði skammvinnur.

Fækkun ferðamanna hafði mismunandi áhrif á íbúana. Í 101 Reykjavík fundu sumir íbúar óvænta en kærkomna hvíld og nýtt jafnvægi. Aðrir fundu fyrir tómleika. Í Mývatnssveit var upplifuninni af brotthvarfi ferðamanna lýst sem fjarstæðukenndri. Á sama tíma var hluti íbúa í spennufalli og á Höfn þótti eftirsjá af lífinu sem fylgdi ferðamönnum en sumir íbúar áttuðu sig ekki á álagi fyrir en ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á þessum þremur stöðum töluðu sumir íbúar um að það hafi fyrst runnið upp fyrir þeim hversu mikið álagið hafi verið þegar ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á Ísafirði komu áhrif fækkunar á íbúa ekki fram fyrir en annars vegar um páskana þegar Skíðavikan og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður féllu niður og hins vegar þegar skemmtiferðaskipin komu ekki til Ísafjarðar um sumarið 2020. Á öllum stöðum kom fram að tímabundin hvíld frá ferðamönnum hefði verið kærkomin en heimabyggðin hefði verið dauflegri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Á öllum rannsóknarstöðunum var talið að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðunum. Að mati íbúa á Höfn og í Mývatnssveit lá mikilvægið í augum uppi þar sem staða ferðaþjónustunnar var talin alvarleg. Á Ísafirði var íbúum ljóst að Ísafjarðarhöfn yrði af verulegum tekjum þar sem

skemmtiferðaskipin komu ekki. Í 101 Reykjavík sögðust sumir íbúar hvorki hafa áttað sig á mikilvægi né umfangi ferðaþjónustunnar í miðborginni fyrir en í faraldrinum.

Enginn vafi var á mikilvægi þess að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Meirihluti íbúa á öllum stöðum var fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Í viðtölum við íbúa kom fram að umræða um sjálfbærni væri nokkuð flókin og þótti óljóst hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni í ferðaþjónustu. Í Mývatnssveit var kallað eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir í sveitinni ættu að vera ferðamannastaðir. Á Höfn var áhersla lögð á eflingu umferðaröryggis og úrbætur á vegakerfi til að anna miklum umferðarþunga og oft ógætilegum akstri. Kallað var eftir langtímahugsun í skipulagi og að hugað yrði að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Auk þess var kallað eftir því að rekstur og skipulag ferðaþjónustu yrði drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Á Ísafirði þótti upplifun af ferðaþjónustu vegna skemmtiferðaskipa fyrir faraldurinn og upplifun af annarri ferðaþjónustu vera of ólík til að hægt væri að ræða hana undir sömu formerkjum. Í viðtölum kom fram efi um að Ísfirðingar væru almennt reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru í bænum fyrir faraldurinn á stóru skipadögum og voru orðnar þreytandi. Íbúunum þar var ekki ljóst hvernig stýra mætti skipakomum ef hagsmunir hafnar og íbúa færu mögulega ekki saman. Í miðborg Reykjavíkur var mikil áhersla lögð á að nærgætni við íbúana yrði höfð að leiðarljósi við endurreisn ferðaþjónustunnar í miðborginni enda vissu þeir vel að miðborg án íbúa væri ekki aðlaðandi fyrir ferðaþjónustuna.

Þáttgreining sýndi að viðhorf íbúa til ferðamanna eftir COVID-19 voru jákvæð á öllum stöðum en þó var marktækur munur á svörum eftir búsetu. Þannig reyndust íbúar á Ísafirði vera marktækt jákvæðastir í viðhorfum til ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í 101 Reykjavík voru minna jákvæðir. Á öllum stöðum kom fram að íbúar söknuðu ferðamanna og að þeir hlökkuðu til að fá erlenda ferðamenn á

staðina en alls staðar nema á Ísafirði komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu staðanna til að laða að fleiri ferðamenn. Þrátt fyrir það voru einnig efasemdir um að íbúar væru reiðubúnir að fá fleiri ferðamenn heldur en fyrir faraldurinn. Fyrri kannanir á viðhorfum Íslendinga hafa gefið til kynna að fjöldi ferðamanna í heimabyggð hafi almennt ekki verið áhyggjuefni þar sem meirihluta landsmanna hefur fundist fjöldinn vera hæfilegur (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Nú virðast íbúar á stöðunum fjórum hins vegar vilja stíga aðeins á bremsuna varðandi frekari fjölgun erlendra ferðamanna og voru ekki samþykkir fjölgun í þeirri mynd og við þær aðstæður sem hún var á árunum fyrir faraldurinn. Öðru máli gegndi um fjölgun innlendra ferðamanna og sömuleiðis sáu menn tækifæri í fjölgun vetrarferðamanna.

Niðurstöður símakönnunar á stöðunum fjórum sýna ívið jákvæðari viðhorf íbúa til mikilvægis ferðapjónustu en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Fyrri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu hafa sýnt að hlutfall landsmanna sem hafa verið neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu hefur verið lágt. Þar sést að óánægja með ferðapjónustu hafi m.a. beinst að ferðapjónustuaðilum sem þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi og að sveitarfélög og ríki þurfi að standa betur í móttöku ferðamanna, stýringu umferðar og upplýsingagjöf (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Íbúar hafa þannig gagnrýnt skipulags- og eftirlitsaðila, ferðapjónustufyrirtæki, verslanir og stjórnvöld fyrir að standa sig ekki í stykkinu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019). Það er í raun ekki margt sem skýrir þessa miklu jákvæðni í rannsókninni núna en í viðtölunum gætu falist hugsanlegar skýringar. Á öllum rannsóknarsvæðunum kom fram ríkur vilji fyrir því að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum en á sama tíma töluðu íbúar um að pásan í ferðapjónustunni sem varð vegna COVID-19 hefði gefið von um að hægt væri að gera breytingar. Þannig hefði myndast rými til endurskipulagningar og ráðast í breytingar sem íbúarnir töldu vera brýnar til að efla sjálfbærni greinarinnar og auka ánægju íbúa. Stundum var um að ræða

staðbundnar breytingar í einum hluta samfélagsins sem íbúar töldu að myndi skila sér margfalt tilbaka til íbúanna, eins og breytingar í matvöruverslun á Höfn og í Mývatnssveit og breytingar í verslunarúrvali í 101 Reykjavík. Stundum var það uppbygging og viðhald innviða á ferðamannastöðum og á vegakerfi sem íbúum þótti skorta eða var ekki í samræmi við vöxt ferðamenskunnar fyrir faraldurinn sbr. Mývatnssveit, Höfn og Ísafjörð. Í öðrum tilfellum var kallað eftir endurhugsun í skipulagsmálum og stefnumörkun sveitarfélaga varðandi ferðapjónustu sem tæki betur mið af þörfum íbúa sbr. 101 Reykjavík, Ísafjörð og Mývatnssveit. Á öllum stöðum var kallað eftir ábyrgari ferðapjónustu sem tæki ekki bara mið af hagnaði heldur væri drifin af ábyrgð gagnvart nærsamfélagi, ferðamönnum og umhverfi.

HEIMILDASKRÁ

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020a). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020b). *Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020-2022. Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu*. Ferðamálastofa. Sótt 28. ágúst 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/rannsoknaraetlun-2020-2022-loka.pdf.
- Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Hagstofa Íslands. (2021a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2021 - Sveitarfélagaskipan hvers árs [talnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygg_dir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a4f6f3f6-097c-4b09-a394-35edd162efba.
- Hagstofa Íslands. (2021b). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2021 [talnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygg_dir_Byggdakjarnar/MAN030101.px.
- Helgadóttir, G., Einarsdóttir, A. V., Burns, G. L., Gunnarsdóttir, G. Þ. og Matthíasdóttir, J. M. E. (2019). Social sustainability of tourism in Iceland: A qualitative inquiry. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 19 (4-5), 404-421. DOI: 10.1080/15022250.2019.1696699.
- Ivanova, M., Ivanov, I.K og Ivanov, S. (2020). Travel behaviour after the pandemic: the case of Bulgaria. *Anatolia*, DOI: 10.1080/13032917.2020.1818267.
- Ísafjarðarbær. (2019). *Framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa. Skýrsla starfshóps*. Sótt 18. júní 2021 af <https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/AtvinnuOgFerdamal/Skemmtiferdaskip/skyrsla-um-framtidarskipan-komu-skemmtiferdaskipa.pdf>
- Ísafjarðarbær. (e.d.a). *Um Ísafjarðarbæ*. Sótt 18. júní 2021 af <https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/um-isafjardarbae/soguagrip>.
- Ísafjarðarbær. (e.d.b). *Skemmtiferðaskip*. Sótt 18. júní 2021 af <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/hafnir/skemmtiferdaskip>.
- Mælaborð ferðaþjónustunnar. (2019, 1. september). *Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi*. Sótt 18. júní 2021 af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/skemmtiferdaskip>.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2020). *Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019. Unnið fyrir Hafnasamband Íslands*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.

Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.

Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.

VIÐAUKI 1

SPURNINGALISTI FYRIR SÍMAKÖNNUN

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19 – spurningalisti fyrir símakönnun

1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
4. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þessar fjölskyldu? (svarmöguleikar: Mjög jákvæð, frekar jákvæð, hvorki jákvæð né neikvæð (engin áhrif), frekar neikvæð, mjög neikvæð, - veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á tímum Covid 19

4. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
5. Atvinnuleysi í ferðaþjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
6. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauðlegri en áður [ef þarf: ekki eins lífleg og hún var] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
7. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
8. Ég upplifði skerta þjónustu í minni heimabyggð vegna fækkunar ferðamanna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
9. Sumarið 2020 voru íslenskir ferðamenn meira áberandi hér á svæðinu en oft áður (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar sem snúa að því sem er framundan þegar COVID-19-faraldrinum lýkur

10. Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðaþjónustan nái fyrri styrk (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
11. Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
12. Við endurreisn ferðaþjónustunnar í minni heimabyggð þarf að leggja meiri áherslu á sjálfbærni en áður. [Ef þarf: Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
13. Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
14. Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

15. Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
16. Mér finnst að það eigi að draga úr komum hópferðamanna í mína heimabyggð, þar með töldum skemmtiskipafarþegum. (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
17. Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um viðbragð stjórnvalda

18. Mér finnst mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram stuðningi við ferðaþjónustuna með mótvægisáðgerðum til þess að draga úr áhrifum COVID-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
19. Mér finnst stjórnvöld hafa gengið of hart fram í takmörkunum á landamærum vegna Covid-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
20. Það er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
21. Starfar þú við ferðaþjónustu?
 - a. Já
 - b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?
 - Já
 - Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) _____
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
- 98 Veit ekki
- 99 Vil ekki svara
22. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama póstnúmeri)?
 - a. 5 ár eða skemur
 - b. 6-10 ár
 - c. 11-20 ár
 - d. 21-30 ár
 - e. Lengur en 30 ár
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
23. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
 - a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
 - b. Stúdentspróf eða iðnnám
 - c. Annað starfsnám
 - d. Háskólapróf
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
24. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
 - a. Í launuðu starfi
 - b. Sjálfstætt starfandi
 - c. Atvinnurekandi
 - d. Í námi
 - e. Á eftirlaunum
 - f. Öryrki
 - g. Í atvinnuleit
 - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
 - i. Heimavinnandi
 - j. Annað

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

26. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? [Stutt svar] _____

27. Er eitthvað að lokum sem þú vilt nefna varðandi áhrif Covid-19-faraldursins á þitt samfélag sem þér finnst ekki að hafa komið fram í þessari könnun? [Stutt svar] _____

Upplýsingar sem fást með þjóðskrárártakinu og er ekki spurt um

28. Kyn

a. Karl

b. Kona

29. Aldur (fæðingarár)

30. Póstnúmer

VIÐAUKI 2

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR
TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar á Ísafirði - Tíðnitöflur og bakgrunnsreining

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né							Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,3%	1,7%	6,1%	38,3%	52,7%	463	380	4,4
Kyn *	Karl	2,0%	3,2%	10,4%	33,9%	50,5%	243	198	4,3
	Kona	0,4%	0,0%	1,3%	43,2%	55,0%	220	182	4,5
Aldur *	18 - 29 ára	4,8%	4,8%	4,8%	52,4%	33,3%	64	21	4,0
	30 - 44 ára	0,0%	1,5%	8,8%	44,1%	45,6%	120	68	4,3
	45 - 59 ára	0,0%	1,4%	6,9%	30,3%	61,4%	141	145	4,5
	60 ára og eldri	2,1%	0,7%	3,4%	34,9%	58,9%	138	146	4,5
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,3%	4,1%	9,5%	32,4%	52,8%	75	64	4,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	1,2%	7,4%	37,4%	54,0%	166	131	4,4
	Annað starfsnám	13,6%	0,0%	0,0%	38,5%	47,9%	29	26	4,1
	Háskólapróf	0,5%	1,5%	4,6%	41,2%	52,1%	184	151	4,4
Lengd búsetu á því svæði *	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	6,3%	44,3%	49,4%	56	33	4,4
	6-10 ár	6,8%	2,2%	8,3%	48,0%	34,8%	45	31	4,0
	11-20 ár	1,2%	5,9%	10,5%	33,9%	48,5%	82	56	4,2
	21-30 ár	1,4%	0,0%	2,9%	50,5%	45,1%	66	49	4,4
	Lengur en 30 ár	0,4%	0,9%	4,9%	33,2%	60,6%	212	208	4,5
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	1,0%	2,3%	6,3%	41,2%	49,1%	294	236	4,4
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	1,8%	10,7%	24,4%	63,0%	54	50	4,5
	Í námi	0,0%	0,0%	6,6%	56,9%	36,5%	27	11	4,3
	Á eftirlaunum	3,8%	0,0%	1,9%	34,0%	60,4%	50	53	4,5
	Annað	2,7%	0,0%	2,8%	26,6%	67,9%	35	27	4,6
Starfar þú við ferðapjónustu? **	Já	0,0%	1,4%	0,0%	33,7%	64,9%	68	51	4,6
	Nei	1,5%	1,7%	6,7%	39,2%	50,8%	390	325	4,4

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né							Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,6%	1,1%	4,5%	29,4%	64,4%	1376	1235	4,6
Búseta ***	Reykjavík (101)	0,4%	1,4%	5,5%	33,1%	59,6%	525	399	4,5
	Ísafjörður (400)	1,3%	1,7%	6,1%	38,3%	52,7%	463	380	4,4
	Mývatn (660)	0,0%	0,0%	1,5%	8,7%	89,8%	115	126	4,9
	Höfn (780)	0,0%	0,0%	1,1%	15,9%	83,0%	273	330	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda		
	% svarenda	% svara	
Mjög lítilvæga	4	1,0%	1,1%
Frekar lítilvæga	5	1,3%	1,3%
Hvorki mikilvæga né lítilvæga	22	5,8%	5,8%
Frekar mikilvæga	136	35,6%	35,8%
Mjög mikilvæga	213	55,8%	56,1%
Gild svör	380	99,5%	100,0%
Gildir svarendur	380	99,5%	
Veit ekki	2	0,5%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	382	100,0%	

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,4%	2,4%	11,1%	57,4%	28,8%	451	371	4,1
Kyn	Karl	0,7%	3,6%	8,7%	60,5%	26,5%	241	196	4,1
	Kona	0,0%	0,9%	13,8%	53,9%	31,4%	210	175	4,2
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	5,0%	20,0%	45,0%	30,0%	61	20	4,0
	30 - 44 ára	1,5%	1,5%	6,1%	65,2%	25,8%	116	66	4,1
	45 - 59 ára	0,0%	2,8%	9,8%	59,4%	28,0%	139	143	4,1
	60 ára og eldri	0,0%	1,4%	12,7%	54,2%	31,7%	134	142	4,2
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	5,4%	10,5%	50,0%	34,1%	74	63	4,1
	Stúdentspróf eða iðnnám	1,1%	2,3%	8,2%	64,2%	24,3%	162	128	4,1
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	7,0%	65,9%	27,1%	27	24	4,2
	Háskólapróf	0,0%	1,6%	14,6%	53,1%	30,7%	178	148	4,1
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	8,4%	12,1%	47,5%	32,1%	48	29	4,0
	6-10 ár	3,9%	6,1%	4,3%	53,4%	32,2%	45	31	4,0
	11-20 ár	0,0%	1,2%	13,0%	54,7%	31,1%	81	55	4,2
	21-30 ár	0,0%	0,0%	16,8%	63,5%	19,7%	64	47	4,0
	Lengur en 30 ár	0,0%	1,4%	10,0%	59,6%	29,1%	211	206	4,2
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,6%	2,4%	11,1%	59,7%	26,2%	285	230	4,1
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	3,6%	6,8%	52,3%	37,3%	54	50	4,2
	Í námi	0,0%	0,0%	22,8%	59,3%	17,9%	27	11	4,0
	Á eftirlaunum	0,0%	3,8%	7,7%	51,9%	36,5%	49	52	4,2
	Annað	0,0%	0,0%	14,4%	50,3%	35,3%	32	25	4,2
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	0,0%	0,0%	10,0%	49,0%	41,1%	68	51	4,3
	Nei	0,5%	2,8%	11,4%	58,6%	26,7%	378	316	4,1

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,2%	4,8%	16,2%	48,0%	29,7%	1334	1200	4,0
Búseta ***	Reykjavík (101)	2,0%	8,0%	25,2%	43,2%	21,6%	498	376	3,7
	Ísafjörður (400)	0,4%	2,4%	11,1%	57,4%	28,8%	451	371	4,1
	Mývatn (660)	0,9%	6,6%	13,6%	47,5%	31,3%	114	125	4,0
	Höfn (780)	1,2%	2,2%	9,3%	41,5%	45,7%	271	328	4,3

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög óánægður	1	0,3%	0,3%
Frekar óánægður	8	2,1%	2,2%
Hvorki ánægður né óánægður	40	10,5%	10,8%
Frekar ánægður	214	56,0%	57,7%
Mjög ánægður	108	28,3%	29,1%
Gild svör	371	97,1%	100,0%
Gildir svarendur	371	97,1%	
Veit ekki	11	2,9%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	382	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð								
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	5,9%	14,5%	75,9%	3,3%	0,4%	465	382	2,8	
Kyn	Karl	5,8%	13,5%	78,7%	1,6%	0,4%	243	198	2,8	
	Kona	6,1%	15,6%	72,8%	5,1%	0,4%	222	184	2,8	
Aldur	18 - 29 ára	9,5%	14,3%	76,2%	0,0%	0,0%	64	21	2,7	
	30 - 44 ára	5,9%	13,2%	77,9%	2,9%	0,0%	120	68	2,8	
	45 - 59 ára	6,2%	20,7%	65,5%	6,9%	0,7%	141	145	2,8	
	60 ára og eldri	4,1%	9,5%	84,5%	1,4%	0,7%	140	148	2,9	
Menntun	Grunnskólanám eða minna	7,2%	6,2%	82,8%	3,7%	0,0%	77	66	2,8	
	Stúdentspróf eða iðnnám	1,7%	15,8%	78,5%	3,3%	0,6%	166	131	2,9	
	Annað starfsnám	6,0%	16,3%	74,4%	3,3%	0,0%	29	26	2,8	
	Háskólapróf	9,4%	16,1%	70,8%	3,2%	0,5%	184	151	2,7	
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	12,1%	19,1%	63,6%	5,2%	0,0%	56	33	2,6	
	6-10 ár	10,0%	10,0%	77,8%	2,2%	0,0%	45	31	2,7	
	11-20 ár	2,3%	15,0%	78,1%	4,5%	0,0%	82	56	2,8	
	21-30 ár	10,5%	17,6%	69,0%	1,5%	1,5%	66	49	2,7	
	Lengur en 30 ár	3,5%	13,3%	79,6%	3,1%	0,4%	214	210	2,8	
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	4,1%	11,2%	80,5%	3,6%	0,7%	294	236	2,9	
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	12,3%	28,4%	52,4%	6,9%	0,0%	54	50	2,5	
	Í námi	11,4%	30,0%	58,6%	0,0%	0,0%	27	11	2,5	
	Á eftirlaunum	1,8%	3,6%	92,7%	1,8%	0,0%	52	55	2,9	
	Annað	14,3%	21,9%	63,9%	0,0%	0,0%	35	27	2,5	
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	18,6%	33,8%	44,8%	1,4%	1,4%	68	51	2,3	
	Nei	3,8%	11,4%	80,9%	3,6%	0,2%	392	327	2,9	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð								
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	12,1%	19,2%	65,4%	2,2%	1,2%	1379	1235	2,6	
Búseta ***	Reykjavík (101)	13,5%	23,2%	59,1%	2,1%	2,0%	530	402	2,6	
	Ísafjörður (400)	5,9%	14,5%	75,9%	3,3%	0,4%	465	382	2,8	
	Mývatn (660)	22,7%	22,3%	53,2%	1,7%	0,0%	115	126	2,3	
	Höfn (780)	15,3%	18,1%	64,7%	0,7%	1,2%	269	325	2,5	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög neikvæð	21	5,5%	5,5%
Frekar neikvæð	56	14,7%	14,7%
Hvorki jákvæð né neikvæð	289	75,7%	75,7%
Frekar jákvæð	14	3,7%	3,7%
Mjög jákvæð	2	0,5%	0,5%
Gild svör	382	100,0%	100,0%
Gildir svarendur	382	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	382	100,0%	

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála	sammála			(með vigt)
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,2%	6,9%	8,3%	41,2%	42,3%	448	369	4,2
Kyn	Karl	1,5%	9,4%	6,5%	43,3%	39,3%	237	195	4,1
	Kona	0,9%	4,1%	10,4%	38,9%	45,7%	211	174	4,2
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	5,0%	10,0%	45,0%	40,0%	61	20	4,2
	30 - 44 ára	1,5%	9,2%	4,6%	50,8%	33,8%	115	65	4,1
	45 - 59 ára	0,7%	7,0%	10,6%	42,3%	39,4%	138	142	4,1
	60 ára og eldri	2,1%	5,6%	8,5%	30,3%	53,5%	134	142	4,3
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	5,2%	6,8%	43,7%	44,4%	71	62	4,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	6,2%	10,1%	38,0%	45,7%	162	128	4,2
	Annað starfsnám	3,3%	10,1%	3,3%	46,8%	36,4%	28	25	4,0
	Háskólapróf	2,6%	6,9%	8,5%	42,4%	39,7%	179	147	4,1
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	3,5%	14,9%	7,9%	29,5%	44,2%	51	31	4,0
	6-10 ár	0,0%	8,5%	2,2%	64,8%	24,5%	44	30	4,1
	11-20 ár	0,0%	10,2%	9,3%	43,4%	37,1%	80	55	4,1
	21-30 ár	1,5%	1,5%	12,3%	46,6%	38,1%	64	48	4,2
	Lengur en 30 ár	1,4%	5,1%	8,2%	36,5%	48,8%	208	203	4,3
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,3%	6,8%	7,0%	47,4%	38,4%	284	230	4,2
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,5%	7,1%	10,5%	33,4%	45,4%	54	50	4,1
	Í námi	0,0%	17,9%	11,4%	37,8%	32,9%	27	11	3,9
	Á eftirlaunum	0,0%	6,0%	6,0%	30,0%	58,0%	47	50	4,4
	Annað	2,9%	0,0%	17,5%	22,7%	56,9%	33	26	4,3
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	2,7%	1,5%	4,2%	33,0%	58,6%	65	49	4,4
	Nei	1,0%	7,9%	9,1%	42,2%	39,8%	379	317	4,1

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála	sammála			(með vigt)
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,0%	3,6%	5,4%	34,8%	55,2%	1355	1219	4,4
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,4%	2,2%	5,5%	35,3%	55,7%	520	395	4,4
	Ísafjörður (400)	1,2%	6,9%	8,3%	41,2%	42,3%	448	369	4,2
	Mývatn (660)	0,8%	2,3%	0,8%	22,4%	73,8%	115	126	4,7
	Höfn (780)	0,0%	1,4%	2,3%	28,5%	67,8%	272	329	4,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	5	1,3%	1,4%
Frekar ósammála	25	6,5%	6,8%
Hvorki né	32	8,4%	8,7%
Frekar sammála	145	38,0%	39,3%
Mjög sammála	162	42,4%	43,9%
Gild svör	369	96,6%	100,0%
Gildir svarendur	369	96,6%	
Veit ekki	11	2,9%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	2	0,5%	
Heildarfjöldi	382	100,0%	

Spurning 4_b. Atvinnuleysi í ferðapjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	4,6%	19,7%	27,4%	31,3%	17,1%	350	287	3,4
Kyn	Karl	6,0%	18,4%	28,4%	31,7%	15,4%	185	151	3,3
	Kona	2,9%	21,1%	26,3%	30,7%	18,9%	165	136	3,4
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	11,8%	35,3%	35,3%	17,6%	52	17	3,6
	30 - 44 ára	4,2%	20,8%	31,3%	27,1%	16,7%	85	48	3,3
	45 - 59 ára	5,1%	21,4%	26,5%	29,9%	17,1%	114	117	3,3
	60 ára og eldri	6,7%	21,0%	21,0%	34,3%	17,1%	99	105	3,3
Menntun	Grunnskólanám eða minna	11,3%	15,8%	29,6%	27,0%	16,3%	59	50	3,2
	Stúdentspróf eða iðnnám	3,9%	23,1%	20,8%	38,1%	14,2%	121	96	3,4
	Annað starfsnám	4,1%	23,8%	17,0%	35,6%	19,4%	24	20	3,4
	Háskólapróf	2,6%	17,4%	34,5%	25,8%	19,6%	139	115	3,4
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	5,3%	2,9%	53,9%	26,7%	11,2%	33	19	3,4
	6-10 ár	4,4%	22,7%	36,7%	15,9%	20,3%	40	28	3,3
	11-20 ár	2,8%	24,6%	35,6%	25,2%	11,9%	68	46	3,2
	21-30 ár	5,9%	12,3%	19,8%	38,2%	23,8%	49	38	3,6
	Lengur en 30 ár	4,8%	22,7%	18,5%	36,2%	17,8%	159	155	3,4
